77. ársþing

# SKÝRSLA NEFNDA 2022

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ..... 1
Stjórn og nefndir KSÍ..... 2
Skýrsla mótanefndar ..... 4
Skýrsla dómaranefndar ..... 14
Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar ..... 24
Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar ..... 25
Skýrsla fræðslunefndar ..... 32
Skýrsla starfshóps um útbreiðslumál ..... 36
Skýrsla mannvirkjanefndar ..... 39

## Stjórn og nefndir KSÍ

**Stjórn (ársþing í febrúar)**
Vanda Sigurgeirsdóttir formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Guðlaug Helga Sigurðardóttir
Helga Helgadóttir
Ívar Ingimarsson
Orri Vignir Hlöðversson
Pálmi Haraldsson
Sigfús Ásgeir Kárason
Torfi Rafn Halldórsson
Unnar Stefán Sigurðsson

**Varastjórn (ársþing)**
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Kolbeinn Kristinsson
Tinna Hrund Hlynsdóttir

**Landshlutafulltrúar (ársþing)**
Eva Dís Pálmadóttir Austurland
Oddný Eva Böðvarsdóttir Vesturland
Ómar Bragi Stefánsson Norðurland
Trausti Hjaltason Suðurland

**Rekstrarstjórn Laugardalsvallar**
Vanda Sigurgeirsdóttir formaður
Bryndís Einarsdóttir
Klara Bjartmarz
Kristinn V. Jóhannesson
Kolbeinn Kristinsson
Óskar Örn Guðbrandsson til vara
Birkir Sveinsson til vara
Borghildur Sigurðardóttir til vara
Guðlaug Helga Sigurðardóttir til vara
Sigurður Sveinn Þórðarson til vara

**Dómaranefnd**
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson formaður
Bragi Bergmann
Bryndís Sigurðardóttir
Hjalti Þór Halldórsson
Kristinn Guðbrandsson

**Fjárhags- og endurskoðunarnefnd**
Borghildur Sigurðardóttir formaður
Guðlaug Helga Sigurðarsdóttir
Pálmi Haraldsson
Sigfús Ásgeir Kárason

**Fræðslu- og útbreiðslunefnd**
Helga Helgadóttir formaður
Gunnar Már Guðmundsson
Sigríður Baxter Þorláksdóttir
Þórður Einarsson
Örn Ólafsson

**Laga- og leikreglnanefnd**
Sigfús Ásgeir Kárason formaður
Gísli Gíslason
Lee Ann Maginnis
Margrét Hafsteinsdóttir

**Landsliðsnefnd karla (A og U21)**
Ívar Ingimarsson formaður
Birkir Kristinsson
Guðbjörg Fanndal Torfadóttir
Haraldur Haraldsson
Sigurður Örn Jónsson
Unnar Stefán Sigurðsson

**Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)**
Borghildur Sigurðardóttir formaður
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Margrét Ákadóttir

**Unglinganefnd (karla og kvenna)**
Pálmi Haraldsson formaður
Harpa Frímannsdóttir
Marteinn Ægisson
Mist Rúnarsdóttir
Pétur Ólafsson
Sigurður Hlíðar Rúnarsson
Sunna Sigurðardóttir
Viggó Magnússon

**Mannvirkjanefnd**
Unnar Stefán Sigurðsson formaður
Bjarni Þór Hannesson
Eyrún Linnet
Inga Rut Hjaltadóttir
Jón Runólfsson
Kristján Ásgeirsson
Viggó Magnússon
Þorbergur Karlsson

**Mótanefnd**
Torfi Rafn Halldórsson formaður
Baldur Már Bragason
Björn Friðþjófsson
Helga Helgadóttir
Linda Hlín Þórðardóttir
Sveinbjörn Másson
Vignir Már Þormóðsson
Þórarinn Gunnarsson

**Samninga- og félagaskiptanefnd**
Guðlaug Helga Sigurðardóttir formaður
Gísli Hall
Guðný Petrína Þórðardóttir
Ragnar Baldursson (til vara)
Tanja Tómasdóttir (til vara)
Unnar Steinn Bjarndal (til vara)

**Heilbrigðisnefnd**
Reynir Björn Björnsson formaður
Ásta Árnadóttir
Haukur Björnsson
Róbert Magnússon

**Kjaranefnd**
Margrét Sanders formaður
Björn Ingi Victorsson
Vignir Már Þormóðsson
Vilborg Gunnarsdóttir til vara

**Siðanefnd (ársþing)**
Halldór Frímannsson formaður
Kristrún Heimisdóttir
Ómar Bragi Stefánsson
Hanna S. Sigurðardóttir til vara
Júlíus Bessason til vara
Rósa Júlía Steinþórsdóttir til vara

**Leyfisdómur KSÍ (ársþing í febrúar)**
Heimir Örn Herbertsson formaður
Björn Victorsson
Guðrún Inga Sívertsen
Jónas Þórhallsson
Líney Rut Halldórsdóttir
Jón Gunnlaugsson til vara
Ragnar Gíslason til vara

**Leyfisráð KSÍ (ársþing í febrúar)**
Guðmundur H. Pétursson formaður
María Björg Ágústsdóttir
Stefán Orri Ólafsson
Valdimar Pálsson
Þorgerður Marinósdóttir

**Aga- og úrskurðarnefnd (ársþing í febrúar)**
Gunnar Guðmundsson formaður
Björg Ásta Þórðardóttir varaformaður
Helgi R. Magnússon varaformaður
Ásta Björk Eiríksdóttir
Erna Birgisdóttir
Gunnar Sverrir Gunnarsson
Sigrún Óttarsdóttir
Þröstur Ríkharðsson

**Áfrýjunardómstóll KSÍ (ársþing í febrúar)**
Feldís Lilja Óskarsdóttir forseti
Jóhannes Albert Sævarsson
Steinar Þór Guðgeirsson
Eva B. Helgadóttir til vara
Halldór Brynjar Halldórsson til vara
Höskuldur Eiríksson til vara
Lúðvík Örn Steinarsson til vara
Valgerður Valdimarsdóttir til vara

**Kjörnefnd (ársþing í febrúar)**
Steinn Halldórsson formaður
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir
Magnús Guðmundsson

**Starfshópur um varalið, mfl. kvk**
Harpa Helgadóttir formaður
Auður S. Ólafsdóttir
Ágúst Hreinn Sæmundsson
Eysteinn Húni Hauksson
Ísleifur Gissurarson
Katla Guðjónsdóttir
Margrét Hafsteinsdóttir
Þorsteinn H. Halldórsson

**Starfshópur um ferðajöfnuð og jöfn tækifæri**
Sigfús Ásgeir Kárason formaður
Ívar Ingimarsson
Oddný Eva Böðvarsdóttir
Sævar Pétursson

**Starfshópur um stefnumótun KSÍ**
Vanda Sigurgeirsdóttir formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Klara Bjartmarz
Ómar Smárason
Sigfús Ásgeir Kárason

**Starfshópur um stjórnskipulag**
Vanda Sigurgeirsdóttir formaður
Borghildur Sigurðardóttir
Guðrún Inga Sívertsen
Orri Vignir Hlöðversson

**Starfshópur um útbreiðslumál**
Trausti Hjaltason formaður
Eva Dís Pálmadóttir
Ívar Ingimarsson
Oddný Eva Böðvarsdóttir
Ómar Bragi Stefánsson
Petra Lind Einarsdóttir
Sigríður Baxter Þorláksdóttir

**Kjörinn endurskoðandi (ársþing)**
Birna María Sigurðardóttir

## Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd KSÍ var skipuð eftirtöldum einstaklingum: Torfi Rafn Halldórsson, formaður, Baldur Már Bragason, Björn Friðþjófsson, Helga Helgadóttir, Linda Hlín Þórðardóttir, Sveinbjörn Másson, Vignir Már Þormóðsson og Þórarinn Gunnarsson.

Starfsfólk mótamála voru Birkir Sveinsson, mótastjóri, og Guðlaugur Gunnarsson. Einnig sinntu Hafsteinn Steinsson og Pjetur Sigurðsson ýmsum störfum tengdum mótamálum. Guðlaugur annaðist jafnframt mótahald Knattspyrnuráðs Reykjavíkur samkvæmt sérstökum samningi KRR og KSÍ og skipulagði Faxaflóamót í yngri flokkum í samvinnu við félögin sem þar eiga hlut að máli.

### Úrslit leikja og stöðutöflur

Öll úrslit leikja og helstu stöðutöflur móta á vegum KSÍ eru birt á vef KSÍ og í bókinni *Íslensk knattspyrna 2022* eftir Víði Sigurðsson, sem Sögur útgáfa gefur út. Þetta er í 21. skiptið sem KSÍ birtir öll úrslit og stöðutöflur í bókinni.

### Heildarfjöldi KSÍ leikja

Eftirfarandi töflur veita helstu upplýsingar um leikjafjölda 2022 og samanburð við árin á undan.

| Leikár | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2014 | 2012 | 2010 | 2008 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Leikir samtals | 5578 | 5319 | 4864 | 5.439 | 5.333 | 5.675 | 5.361 | 5.439 | 5.403 | 5.515 | 4.998 |

| Meistaraflokkur karla | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót og Meistarakeppni | 838 | 789 | 690 |
| Bikarkeppni | 83 | 82 | 76 |
| Deildarbikar | 194 | 164 | 93 |
| Futsal | 39 | 0 | 40 |
| **Samtals:** | **1154** | **1035** | **1069** |

| Meistaraflokkur kvenna | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót og Meistarakeppni | 271 | 264 | 229 |
| Bikarkeppni | 31 | 32 | 25 |
| Deildarbikar | 89 | 44 | 11 |
| Futsal | 0 | 0 | 12 |
| **Samtals:** | **391** | **340** | **277** |

| 2. flokkur karla | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 395 | 454 | 322 |
| Bikarkeppni | 24 | 24 | 21 |
| **Samtals:** | **419** | **478** | **343** |

| 2. flokkur kvenna | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 92 | 114 | 78 |
| Bikarkeppni | 14 | 15 | 11 |
| **Samtals:** | **106** | **129** | **89** |

| 3. flokkur karla | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 532 | 458 | 437 |
| Bikarkeppni | 29 | 26 | 29 |
| Íslandsmót 7 manna | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals:** | **561** | **484** | **466** |

| 3. flokkur kvenna | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 281 | 197 | 167 |
| Bikarkeppni | 21 | 18 | 18 |
| Íslandsmót 7 manna | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals:** | **302** | **215** | **185** |

| 4. flokkur karla | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 528 | 494 | 495 |
| Bikarkeppni | 30 | | |
| Íslandsmót 8 manna | 21 | 68 | 52 |
| **Samtals:** | **579** | **562** | **547** |

| 4. flokkur kvenna | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 352 | 313 | 317 |
| Bikarkeppni | 26 | | |
| Íslandsmót 8 manna | 12 | 50 | 46 |
| **Samtals:** | **390** | **363** | **363** |

| 5. flokkur karla | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 902 | 973 | 1071 |

| 5. flokkur kvenna | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 576 | 596 | 543 |

| Eldri flokkur karla | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Íslandsmót | 82 | 63 | 42 |

| Mót fatlaðra | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Íslandsleikar | 0 | 0 | 0 |

| Landsleikir karla | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| A landslið | 16 | 13 | 10 |
| U21 landslið | 8 | 8 | 5 |
| U18 -19 landslið | 10 | 6 | 0 |
| U15 - U17 landslið | 14 | 7 | 4 |

| Landsleikir kvenna | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| A landslið | 13 | 8 | 8 |
| U23 | 1 | | |
| U18 -19 landslið | 10 | 5 | 3 |
| U15 - U17 landslið | 19 | 6 | 2 |

| Evrópuleikir félagsliða karla | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Meistaraflokkur | 16 | 16 | 5 |
| Unglingaflokkur | 0 | 0 | 0 |
| Futsal meistaraflokkur | 3 | 0 | 0 |
| **Samtals:** | **3764** | **3645** | **3392** |

| Evrópuleikir félagsliða kvenna | 2022 | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| Meistaraflokkur | 6 | 12 | 2 |
| **Samtals:** | **1814** | **1674** | **1472** |

## KRR-mót og Faxaflóamót

KSÍ annast umsýslu þessara móta skv. sérstöku samkomulagi. Leikjafjöldi kemur fram í neðangreindri töflu. Árið 2022 var leikið í aðskildum Reykjavíkur- og Faxaflóamótum sem skýrir fjölgun leikja ársins 2022 auk þess sem ekki var leikið í fullum mótum vegna Covid-19 árin 2020 og 2021.

| Heildarfjöldi leikja | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KRR-mót | 1.130 | 157 | 340 | 743 | 921 | 913 | 792 | 809 | 795 | 903 |
| Faxaflóamót | 1351 | 960 | 1.187 | 1.576 | 1.359 | 1.250 | 1.196 | 873 | 844 | 1.316 |

## Mót félaga og fjöldi leikja

Skrifstofa KSÍ fór í það verkefni á árinu að setja sig í samband við þau félög sem halda mót og telja þann fjölda leikja sem fram fer á þeirra vegum. Markmiðið var að komast að því hvað margir leikir fari fram á Íslandi á hverju ári. Við teljum okkur hafa fengið svör frá öllum félögum og héraðssamböndum sem standa fyrir mótahaldi að einhverju tagi. Á sumum mótum fóru fram örfáir leikir meðan á stóru mótunum fóru fram yfir 1000 leikir.

Talningin leiddi í ljós að á vegum aðildarfélaga KSÍ fóru fram um 16.000 leikir árið 2022. Á Íslandi fara því fram rúmlega 24.000 leikir á ári. Sem gerir um 66 leiki á dag, allt árið um kring.

## Mótahald í meistaraflokki

Ólíkt árunum 2020 og 2021 þá setti Covid-19 ekki mark sitt á mótin og fóru þau því fram með nokkuð hefðbundnum hætti. Tekið var upp nýtt fyrirkomulag á keppni í efstu deild karla til að ná markmiðun um fjölgun leikja. Eftir hefðbundna tvöfalda umferð var deildinni skipt upp í efri og neðri hluta þar sem sex efstu liðin léku um Íslandsmeistaratitilinn og um tvö laus Evrópusæti. Í neðri hlutanum mættust sex neðstu liðin og léku um að forðast fall úr deildinni. Í báðum hlutum (efri og neðri) var leikin einföld umferð. Bættust því við 5 leikir á öll lið með þessu fyrirkomulagi. Mótið lengdist verulega og var því leikið frá miðjum apríl til lok október. Mögulega hefði verið hægt að leika mótið á styttri tíma í venjulegu ári, en landsleikjahléin þetta árið voru með öðrum hætti en venja er vegna HM í Katar sem var í nóvember og desember.

Efstu deildir karla og kvenna fengu nýtt nafn og heita nú Besta deild karla og Besta deild kvenna.
Að ósk ÍTF var ákveðið að Mjókurbikar karla væri seinna á ferðinni en venjulega. Ekki var gott að úrslitaleikur mótsins myndi skarast á við 1. umferðina í seinni hluta Bestu deildar karla. Betra til framtíðar að koma í veg fyrir það.

Að venju þurfti að gera breytingar á leikjum vegna Evrópukeppna félagsliða sem féllu misvel í kramið hjá hlutaðeigandi félögum. Í fyrsta skipti þurfti íslenskt lið að taka þátt í forkeppni Meistaradeildar UEFA karla. Þar með bættust við tveir leikdagar sem taka þurfti tillit til og hafði veruleg áhrif á allt skipulag mótsins. Jafnframt misstum við eitt sæti í Evrópukeppnum karla, vonandi náum við 4. sætinu aftur fljótlega.

Í 2. deild kvenna voru 13 lið skráð til leiks. Var ákveðið að leika einfalda umferð og svo úrslitakeppni sex efstu liða, samtals því 17 leikir fyrir bestu liðin. Í mars hætti eitt liðið og í framhaldinu var boðað til fundar með félögum í deildinni. Afraksturinn af þeim fundi var að leikin skyldi áfram einföld umferð en bætt við úrslitakeppni sex neðstu liða. Þannig var tryggt að öll lið myndu fá 16 leiki í mótinu. Nokkuð góð sátt ríkti um þetta fyrirkomulag framan af móti. Þegar staða liða í deildinni fór að skýrast kom upp óánægja með þetta fyrirkomulag vegna þess hvernig hlutfall heima og útileikja þróaðist. Ljóst er að reyna þarf annað fyrirkomulag til að skapa meiri sátt. Ekki lagaði það ástandið þegar eitt félag í neðri hlutanum hætti þátttöku í lokahluta mótsins. En það getur verið flókið að skipuleggja mót á neðstu stigum þegar þátttaka milli ára er breytileg.
Að öðru leyti fóru mótin fram með hefðbundnu sniði, að því undanskildu að úrslitakeppni 4. deildar karla var leikin með öðrum hætti til að undirbúa breytt fyrirkomulag á keppni í neðri deildum karla 2023.

**Fjöldi liða í mótum**
Í Íslandsmóti meistaraflokks karla bættust við sex ný lið; Árbær, Boltafélag Norðfjarðar, Máni (tók síðast þátt 2015), Hafnir (félag með sama nafni tók síðast þátt 1990), Hamrarnir (tóku síðast þátt 2009 í samstarfi við ÍH og Vini) og Spyrnir (tók síðast þátt 2008). Vatnaliljur skiptu um nafn með leyfi ÍSÍ og heita nú Knattspyrnufélag Kópavogs (KFK).

Tvö lið frá árinu 2021 tilkynntu ekki þátttöku ásamt því að Berserkir og Mídas sameinuðust. 84 lið voru því skráð til leiks í Íslandsmóti meistaraflokks karla 2022, þremur fleiri en 2021. Hafa þau aldrei verið fleiri. Frá árinu 2000 hefur fjölgað um 32 lið í meistaraflokki karla.

Í meistaraflokki kvenna bættust við tvö ný lið, þ.e. ÍH og KÁ. Eitt lið hætti þátttöku áður en mótið hófst og tvö lið frá árinu áður tilkynntu ekki þátttöku. Árið 2022 tóku því 32 félög þátt í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna, einu færra en árið 2021. Frá árinu 2000 hefur fjölgað um 13 lið í meistaraflokki kvenna.

Í ár tóku 761 keppnislið aðildarfélaga þátt í mótum á vegum KSÍ, 513 lið karla og 248 lið kvenna. Þátttökuliðum fækkaði því um 8 milli ára, 3 lið karla og 5 lið kvenna. Yfirlit um fjölda liða í mótum er birt hér aftar í skýrslunni.

# Áhorfendur

**Besta deild karla**
Það voru tveir leikir þar sem áhorfendafjöldi fór yfir 2.000 manns í fyrstu umferð deilarinnar, en flestir áhorfendur á leik í Bestu deild karla voru 2.022 á viðureign KR og Breiðabliks á Meistaravöllum 25. apríl. Heildaraðsóknin í fyrri hlutanum voru 108.607 áhorfendur, eða að meðaltali 822 á leik. Þegar fyrri umferð var lokið, 22 leikir, var skipt í efri og neðri hluta.

Í efri hlutanum mættu flestir á leik Breiðabliks og KR, eða 2.235 áhorfendur. Samtals mættu 11.244 áhorfendur á umferðirnar fimm í efri hlutanum, eða 750 áhorfendur að meðaltali á hvern leik.
Í neðri hlutanum mættu flestir á leik FH og Leiknis R., eða 1.137 áhorfendur. Samtals mættu 5.487 manns á umferðirnar fimm í neðri hlutanum, eða 366 áhorfendur að meðaltali á hvern leik.

**Besta deild kvenna**
Flestir mættu á leik Vals og Breiðabliks á Origovellinum 13. september, eða 826 áhorfendur. Næstflestir mættu á leik Selfoss og Þróttar R. eða 685 áhorfendur. Heildaraðsóknin að leikjum Bestu deildar kvenna voru 17.761 áhorfendur eða að meðaltali 197 áhorfendur á hvern leik.

**Íslandsmót yngri flokka**
Líkt og undanfarin ár voru gerðar breytingar á mótahaldinu til að koma til móts við ólíkar þarfir félaganna. Í 3. flokki karla og kvenna A-liða var tekið upp svokallað lotukerfi. Þar var keppni skipt upp í getuskipta riðla með 8 liðum í hverjum riðli. Leikin var einföld umferð í þremur lotum. Eftir hverja lotu færðust 2 lið upp og 2 niður á milli riðla. Sigurvegarar í þriðju lotu varð Íslandsmeistari. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir þó gagnrýnt hafi verið að ferðlög gætu lent misjafnt á félögin.

Bætt var við bikarkeppni 4. flokki karla og kvenna og keppni D-liða í 4. flokki karla. Einnig var tekin um keppni í E og F liðum í 5. flokki karla. Gerðar voru breytingar á hlutgengisreglum í 2. flokki kvenna. Bætt var við einu ári í flokkinn og var því U20 bætt við í heiti mótsins. Jafnframt var nú heimilt að hafa fjóra eldri leikmenní stað þriggja áður og slakað verulega á takmörkunum sem gilt höfðu um hlutgengi þeirra.

Gríðarlegum fjölda leikja er breytt eftir að leikjaniðurröðun hefur verið staðfest. Til að koma til móts við það var tekið í notkun sérstakt forrit á vef KSÍ sem auðveldar félögum að gera þessar breytingar. Vonandi hjálpar það til að halda utan um allt skipulag félagannna. Nefndin hefur áhyggjur af þeim fjöld leikja þar sem félög mæta ekki til leiks. Í þeim tilfellum eru félög sektuð skv. reglugerð. Sérstakur starfshópur var settur á laggirnar til að reyna að finna út hvernig best verði tekið á þessum málaum. Starfshópurinn leggur til að KSÍ reyni að aðstoða félögin betur við niðurröðun leikja, semja starfsreglur um frestanir leikja, veita meiri frest til athugasemda við drög að leikjaniðurröðun. Jafnframt að nýr leikdagur verði að liggja fyrir þegar leikjum er frestað. Einnig kemur fram að hækkun sekta sé ekki endilega lausnin, heldur að KSÍ og félögin sýni meiri festu/eftirfylgni með frestun leikja.

**Ekki mætt til leiks og lið sem hætta þátttöku**

| | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi liða sem hættu þátttöku | 56 | 29 | 22 | 27 | 34 | 30 | 29 | 24 | 29 | 41 |
| Fjöldi leikja þar sem annað liðið mætti ekki | 26 | 11 | 7 | 6 | 11 | 6 | 7 | 9 | 6 | 16 |

Hlutaðeigandi félög voru sektuð í samræmi við reglugerð.

**Lokaorð**

Það var ánægjulegt að geta loksins haldið aftur Íslandsmót án þess að heimsfaraldur væri að trufla mótshald. Alls mættu tæplega 18 þúsund manns á leiki í Bestu deild kvenna og tæplega 126 þúsund á leiki í Bestu deild karla þar af tæp 17 þúsund samanlagt á leiki í úrslitakeppnum í efri- og neðri hluta. Ásamt því að fá þennan fjölda áhorfenda á leikina þá voru mótunum gerð góð skil í fjölmiðlum sem án efa stuðla að aukinni aðsókn á leikina.

Í nokkurn tíma hafði verið kallað eftir því að fjölga leikjum í Íslandsmótinu meðal annars með það fyrir augum að auka gæði íslenskrar knattspyrnu og gera deildirnar hér heima samkeppnishæfari við þær evrópsku. Úrslitakeppnin í Bestu deild karla 2022 var svar við slíku ákalli. Eðlilega eru misjafnar skoðanir á kostum og göllum þessa fyrirkomulags sem allar eiga rétt á sér. Áður en hægt er að leggja dóm á hvort formið sem notað var sé það hentugasta eða hvort fara eigi aðrar leiðir við að fjölga leikjum og auka gæðin þá þarf að prófa þetta leikform frekar. Það verður því fróðlegt að fylgjast með hvernig til tekst með úrslitakeppni í Bestu deild kvenna og karla og Lengjudeild karla á komandi sumri.

Eins og getið er um hér að framan þá var leikið í 3 flokki A-liða karla og kvenna í svokölluðu lotukerfi. Mjög mikil ánægja er með þetta fyrirkomulag sem hefur þá kosti að jafningjaleikjum fjölgar og niðurstaða ársins á undan ræður ekki eins miklu um möguleika liðsins á góðu gengi. Ákveðið hefur verið að taka upp þetta form í 2. flokki karla A-liða en nokkrar áhyggjur hafa verið uppi um hversu fáir leikir eru spilaðir í þessum flokki sérstaklega samanborið við leiki þessa aldursflokks á Norðurlöndunum.

Með því að taka upp lotukerfi í yngri flokkum samhliða því að fjölga leikjum er það mín von að það stuðli að fjölgun efnilegra leikmanna af báðum kynjum. Með fjölgun leikja, meiri gæðum og ítarlegri umfjöllun um Bestu deild karla og kvenna vona ég að það að velja að leika á Íslandi verði meira spennandi kostur fyrir okkar efnilegasta knattspyrnufólk, frekar en að fara ung erlendis í misgóðar knattspyrnuakademíur. Til að auka gæði íslensku félagsliðanna í alþjóðlegum samanburði er mikilvægt að halda í okkar besta fólk eins lengi og mögulegt er. Að okkar efnilegustu knattspyrnumenn og -konur horfi til þess að „glugginn“ til að sýna hæfileika sína sé stærstur og bestur í gegnum íslensku deildirnar tel ég að ætti að vera okkur sem koma að íslensku knattspyrnunni helsta keppikeflið.

Að endingu vil ég þakka öllum í mótanefnd KSÍ, aðildarfélögunum, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, dómurum og knattspyrnuáhugafólki öllu fyrir samstarfið á árinu. Sérstakar þakkir fær Birkir Sveinsson, mótastjóri KSÍ sem vakinn og sofinn passar upp á að hægt sé að halda mót á vegum KSÍ með þeim myndarbrag sem við eigum að venjast.

Áfram íslenskur fótbolti!

*Torfi Rafn Halldórsson*
*formaður mótanefndar KSÍ*

## Þátttaka í mótum utanhúss 2022 - Fjöldi liða

| | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 | 2001 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Meistaraflokkur karla | 85 | 82 | 80 | 81 | 79 | 81 | 76 | 79 | 79 | 74 | 77 | 75 | 75 | 69 | 69 | 68 | 67 | 63 | 63 | 62 | 55 | 53 | 52 |
| Eldri flokkur karla 30+ | 0 | 0 | 0 | 4 | 4 | 6 | 6 | 5 | 4 | 5 | 7 | 10 | 11 | 12 | 10 | 9 | 10 | 10 | 15 | 15 | 17 | 18 | 18 |
| Eldri flokkur karla 40+ | 6 | 7 | 7 | 7 | 6 | 8 | 8 | 9 | 10 | 9 | 11 | 13 | 14 | 14 | 14 | 13 | 15 | 15 | 14 | 10 | 11 | | |
| Eldri flokkur karla 50+ | 7 | 7 | 6 | 5 | 5 | 6 | 6 | 4 | 4 | 4 | 4 | 5 | | | | | | | | | | | |
| Eldri flokkur karla 60+ | 5 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 2. flokkur karla | 34 | 31 | 27 | 27 | 26 | 27 | 27 | 27 | 28 | 28 | 30 | 32 | 29 | 27 | 29 | 30 | 29 | 30 | 29 | 31 | 26 | 30 | 29 |
| 2. flokkur karla B lið | 16 | 19 | 17 | 17 | 16 | 18 | 17 | 16 | 17 | 13 | 9 | 8 | 7 | 6 | 6 | 5 | 6 | 5 | 3 | | | | |
| 3. flokkur karla | 29 | 31 | 33 | 33 | 31 | 29 | 29 | 29 | 29 | 29 | 31 | 29 | 35 | 36 | 32 | 36 | 36 | 35 | 40 | 37 | 34 | 33 | 28 |
| 3. flokkur karla B lið | 24 | 21 | 21 | 22 | 31 | 20 | 21 | 21 | 24 | 19 | 20 | 22 | 17 | 16 | 23 | 16 | 16 | 15 | 13 | 10 | 9 | 5 | |
| 3. flokkur karla C lið | 17 | 19 | 12 | 10 | 11 | 9 | 11 | 15 | 9 | 8 | 6 | 0 | 4 | 6 | | | | | | | | | |
| 3. flokkur karla 7 manna | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 2 | 9 | 5 | 9 | 6 | 3 | 3 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 | 9 | 19 | 19 |
| 4. flokkur karla A lið | 32 | 34 | 33 | 36 | 35 | 35 | 35 | 35 | 34 | 36 | 37 | 36 | 36 | 36 | 37 | 42 | 40 | 43 | 43 | 38 | 38 | 33 | 28 |
| 4. flokkur karla B lið | 30 | 22 | 19 | 19 | 22 | 30 | 26 | 23 | 22 | 24 | 26 | 26 | 24 | 21 | 25 | 21 | 24 | 27 | 24 | 20 | 14 | 15 | 15 |
| 4. flokkur karla C lið | 23 | 39 | 31 | 31 | 32 | 25 | 22 | 16 | 19 | 21 | 17 | 15 | 12 | 12 | 9 | 11 | 11 | 0 | 6 | 5 | 6 | 6 | |
| 4. flokkur karla D lið | 20 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 4. flokkur karla 8 manna | 7 | 14 | 12 | 0 | 6 | 7 | 7 | 2 | 8 | 11 | 8 | 9 | 17 | 15 | 6 | 3 | 15 | 16 | 15 | 14 | 16 | 23 | 29 |
| 5. flokkur karla A lið | 35 | 45 | 46 | 43 | 43 | 45 | 46 | 45 | 43 | 47 | 45 | 49 | 52 | 50 | 48 | 43 | 49 | 53 | 52 | 58 | 54 | 47 | 46 |
| 5. flokkur karla B lið | 40 | 57 | 53 | 40 | 45 | 48 | 46 | 46 | 44 | 39 | 41 | 44 | 43 | 38 | 40 | 42 | 45 | 46 | 45 | 46 | 44 | 39 | 41 |
| 5. flokkur karla C lið | 37 | 50 | 51 | 41 | 36 | 40 | 41 | 43 | 31 | 34 | 39 | 42 | 43 | 33 | 30 | 33 | 28 | 28 | 27 | 23 | 27 | 26 | 25 |
| 5. flokkur karla D lið | 27 | 38 | 44 | 50 | 48 | 46 | 48 | 38 | 31 | 33 | 31 | 38 | 38 | 28 | 26 | 30 | 23 | 25 | 27 | 19 | 19 | 15 | |
| 5. flokkur karla E lið | 21 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 5. flokkur karla F lið | 18 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 6. flokkur karla A lið | 0 | 0 | 0 | 26 | 34 | 37 | 32 | 42 | 55 | 53 | 42 | 48 | 39 | 51 | 45 | 41 | 40 | 51 | 43 | 46 | 46 | 46 | 45 |
| 6. flokkur karla B lið | 0 | 0 | 0 | 25 | 36 | 43 | 37 | 45 | 57 | 58 | 45 | 48 | 39 | 42 | 32 | 35 | 38 | 39 | 39 | 35 | 44 | 35 | 34 |
| 6. flokkur karla C lið | 0 | 0 | 0 | 30 | 37 | 42 | 34 | 46 | 62 | 65 | 33 | 39 | 36 | 25 | 42 | 26 | 24 | 25 | 33 | 25 | 26 | 26 | |
| 6. flokkur karla D lið | 0 | 0 | 0 | 20 | 26 | 33 | 31 | 34 | 46 | 55 | 34 | 31 | 37 | 25 | 22 | 18 | 22 | 22 | 24 | 25 | 20 | 13 | |
| Alls karla | 513 | 516 | 492 | 567 | 609 | 638 | 606 | 620 | 658 | 674 | 598 | 628 | 614 | 565 | 548 | 528 | 545 | 551 | 559 | 527 | 515 | 508 | 437 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Meistaraflokkur kvenna | 32 | 33 | 29 | 28 | 28 | 29 | 32 | 30 | 28 | 27 | 27 | 24 | 26 | 22 | 22 | 24 | 22 | 20 | 21 | 23 | 20 | 17 | 19 |
| 2. flokkur kvenna | 14 | 16 | 14 | 15 | 15 | 14 | 14 | 12 | 14 | 15 | 16 | 17 | 14 | 13 | 14 | 12 | 10 | 11 | 15 | 14 | 13 | 13 | 13 |
| 3. flokkur kvenna | 23 | 21 | 21 | 21 | 20 | 22 | 20 | 21 | 21 | 20 | 27 | 27 | 27 | 24 | 19 | 16 | 20 | 22 | 23 | 21 | 17 | 16 | 14 |
| 3. flokkur kvenna B lið | 13 | 12 | 9 | 10 | 9 | 8 | 6 | 9 | 8 | 5 | 0 | 0 | 0 | 6 | 4 | | | | | | | | |
| 3. flokkur kvenna 7 manna | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 5 | 9 | 10 | 10 | 10 | 11 | 13 | 14 | 13 | 18 | 17 | 16 | 16 | 19 |
| 4. flokkur kvenna A lið | 20 | 24 | 26 | 25 | 28 | 27 | 26 | 26 | 28 | 28 | 27 | 26 | 31 | 28 | 28 | 22 | 22 | 22 | 34 | 33 | 33 | 32 | 30 |
| 4. flokkur kvenna B lið | 20 | 24 | 23 | 22 | 17 | 19 | 17 | 12 | 15 | 16 | 12 | 10 | 10 | 8 | 8 | 13 | 9 | 6 | 25 | 19 | 20 | 18 | 15 |
| 4. flokkur kvenna C lið | 14 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11 | 6 | 3 | 5 | |
| 4. flokkur kvenna 8 manna | 4 | 10 | 10 | 5 | 0 | 0 | 4 | 6 | 2 | 10 | 13 | 8 | 12 | 6 | 13 | 17 | 18 | 20 | | | | | |
| 5. flokkur kvenna A lið | 28 | 29 | 38 | 32 | 31 | 32 | 32 | 31 | 31 | 33 | 33 | 35 | 37 | 37 | 35 | 34 | 32 | 41 | 35 | 27 | 24 | 27 | 29 |
| 5. flokkur kvenna B lið | 31 | 35 | 28 | 28 | 28 | 32 | 30 | 29 | 26 | 31 | 35 | 33 | 28 | 28 | 28 | 26 | 23 | 30 | 32 | 17 | 17 | 22 | 16 |
| 5. flokkur kvenna C lið | 28 | 28 | 22 | 18 | 20 | 18 | 14 | 16 | 14 | 13 | 14 | 13 | 12 | 11 | 9 | 10 | 18 | 15 | | | | 5 | |
| 5. flokkur kvenna D lið | 21 | 21 | 13 | 10 | 9 | 9 | 9 | 11 | 8 | 8 | 9 | 12 | 8 | | | | | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna A lið | 0 | 0 | 0 | 25 | 26 | 26 | 26 | 31 | 35 | 37 | 31 | 30 | 31 | 35 | 25 | 31 | 32 | 33 | | | | | |
| 6. flokkur kvenna B lið | 0 | 0 | 0 | 22 | 27 | 24 | 25 | 28 | 37 | 34 | 28 | 24 | 29 | 21 | 23 | 12 | 25 | 26 | | | | | |
| 6. flokkur kvenna C lið | 0 | 0 | 0 | 20 | 22 | 21 | 22 | 24 | 23 | 28 | 14 | 12 | 18 | 19 | 8 | 9 | 7 | | | | | | |
| 6. flokkur kvenna D lið | 0 | 0 | 0 | 13 | 18 | 16 | 16 | 17 | 15 | 12 | 8 | 7 | 5 | | | | | | | | | | |
| Alls kvenna | 248 | 253 | 233 | 294 | 298 | 297 | 293 | 303 | 307 | 322 | 303 | 288 | 298 | 268 | 247 | 239 | 252 | 259 | 214 | 177 | 171 | 177 | 155 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Alls þátttaka | 761 | 769 | 725 | 861 | 907 | 935 | 899 | 923 | 965 | 996 | 901 | 916 | 912 | 833 | 795 | 767 | 797 | 810 | 773 | 704 | 686 | 685 | 592 |

# Sigurvegarar í mótum utanhúss 2022

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Íslandsmót** | | | |
| **Besta deild karla** | Breiðablik | **Besta deild kvenna** | Valur |
| **Lengjudeild karla** | Fylkir | **Lengjudeild kvenna** | FH |
| **2. deild karla** | Njarðvík | **2. deild kvenna** | Fram |
| **3. deild karla** | Sindri | | |
| **4. deild karla** | Einherji | | |
| **Eldri flokkur karla 40+** | Breiðablik | | |
| **Eldri flokkur karla 50+** | Keflavík/Víðir | | |
| **Eldri flokkur karla 60+** | Breiðablik | | |
| **2. flokkur karla** | Fjölnir | **2. flokkur kvenna** | HK |
| **3. flokkur karla** | HK | **3. flokkur kvenna** | Þór/KA |
| **3. flokkur karla B-lið** | Víkingur R | **3. flokkur kvenna B-lið** | FH/ÍH |
| **3. flokkur karla C-lið** | Víkingur R | | |
| **4. flokkur karla** | Þór | **4. flokkur kvenna** | FH |
| **4. flokkur karla B-lið** | FH | **4. flokkur kvenna B-lið** | Stjarnan/Álftanes |
| **4. flokkur karla C-lið** | Breiðablik | **4. flokkur kvenna C-lið** | Stjarnan/Álftanes |
| **4. flokkur karla D-lið** | Breiðablik | | |
| **4. flokkur karla 8 manna** | Völsungur | **4. flokku kvenna 8 manna** | Sindri |
| **5. flokkur karla A-lið** | FH | **5. flokkur kvenna A-lið** | Álftanes |
| **5. flokkur karla B-lið** | Þór | **5. flokkur kvenna B-lið** | Breiðablik |
| **5. flokkur karla C-lið** | KA | **5. flokkur kvenna C-lið** | HK |
| **5. flokkur karla D-lið** | KR | **5. flokkur kvenna D-lið** | Breiðablik 3 |
| **5. flokkur karla E-lið** | Selfoss | | |
| **5. flokkur karla F-lið** | Afturelding | | |
| **Bikarkeppni** | | | |
| **Mjólkurbikar karla** | Víkingur R | **Mjólkurbikar kvenna** | Valur |
| **2. flokkur karla** | Valur/KH | **2. flokkur kvenna** | Breiðablik/Augnablik |
| **3. flokkur karla** | KA/Hamrarnir | **3. flokkur kvenna** | Þór/KA |
| **4. flokkur karla** | Breiðablik | **4. flokkur kvenna** | FH |
| **Deildarbikarkeppni KSÍ** | | | |
| **Lengjubikar karla - A deild** | FH | **Lengjubikar kvenna - A deild** | Breiðablik |
| **Lengjubikar karla - B deild** | Njarðvík | **Lengjubikar kvenna - B deild** | FH |
| **Lengjubikar karla - C deild** | Ýmir | **Lengjubikar kvenna - C deild** | ÍA |
| **Meistarakeppni KSÍ** | | | |
| **Meistaraflokkur karla** | Víkingur R | **Meistaraflokkur kvenna** | Valur |

## Tölur yfir áhorfendur í Bestu deild karla 2022

| | Breiðablik | FH | Fram | ÍA | ÍBV | KA | Keflavík | KR | Leiknir R | Stjarnan | Valur | Víkingur R. | Alls heima | Meðaltal | Röð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Breiðablik | | 2017 | 1568 | 806 | 1156 | 1352 | 1014 | 1679 | 816 | 1746 | 1511 | 1983 | 15,648 | 1423 | |
| FH | 1507 | | 1009 | 1137 | 857 | 551 | 1457 | 1328 | 367 | 1197 | 1157 | 513 | 11,080 | 1007 | |
| Fram | 1117 | 1105 | | 587 | 1722 | 725 | 980 | 654 | 844 | 983 | 463 | 1120 | 10,300 | 936 | |
| ÍA | 1063 | 347 | 528 | | 604 | 670 | 573 | 635 | 653 | 464 | 317 | 1147 | 7,001 | 636 | |
| ÍBV | 636 | 520 | 324 | 403 | | 522 | 1355 | 511 | 518 | 433 | 295 | 276 | 5,793 | 527 | |
| KA | 835 | 455 | 755 | 640 | 585 | | 513 | 690 | 591 | 464 | 690 | 815 | 7,033 | 639 | |
| Keflavík | 550 | 520 | 520 | 580 | 423 | 430 | | 550 | 448 | 354 | 504 | 720 | 5,599 | 509 | |
| KR | 2022 | 1590 | 850 | 998 | 800 | 950 | 850 | | 602 | 850 | 1548 | 570 | 11,630 | 1057 | |
| Leiknir R | 656 | 525 | 565 | 649 | 296 | 100 | 356 | 356 | | 734 | 377 | 486 | 5,100 | 464 | |
| Stjarnan | 1123 | 1167 | 615 | 1193 | 493 | 1127 | 643 | 867 | 843 | | 923 | 526 | 9,520 | 865 | |
| Valur | 1104 | 1029 | 882 | 854 | 1021 | 482 | 546 | 1530 | 581 | 978 | | 1068 | 10,075 | 916 | |
| Víkingur R. | 1850 | 1565 | 723 | 523 | 756 | 623 | 823 | 835 | 613 | 836 | 1023 | | 10,170 | 925 | |
| | | | | | | | | | | | | | | | |
| Alls úti | 12,463 | 10,840 | 8,339 | 8,370 | 8,713 | 7,532 | 9,110 | 9,635 | 6,876 | 9,039 | 8,808 | 9,224 | *108,949* | *825* | |
| Meðaltal | 1,133 | 985 | 758 | 761 | 792 | 685 | 828 | 876 | 625 | 822 | 801 | 839 | | | |

## Aðsókn fyrir hverja umferð í Bestu-deild karla 2022

| | Fjöldi áhorfenda | Meðaltal |
|---|---|---|
| 1 umferð | 6038 | 1006 |
| 2 umferð | 5938 | 990 |
| 3 umferð | 6001 | 1000 |
| 4 umferð | 4694 | 782 |
| 5 umferð | 4737 | 790 |
| 6 umferð | 5715 | 953 |
| 7 umferð | 4625 | 771 |
| 8 umferð | 4136 | 689 |
| 9 umferð | 3854 | 642 |
| 10 umferð | 5692 | 949 |
| 11 umferð | 4507 | 751 |
| 12 umferð | 5281 | 880 |
| 13 umferð | 2772 | 462 |
| 14 umferð | 4835 | 806 |
| 15 umferð | 5476 | 913 |
| 16 umferð | 4267 | 711 |
| 17 umferð | 5515 | 919 |
| 18 umferð | 5684 | 947 |
| 19 umferð | 5116 | 853 |
| 20 umferð | 5430 | 905 |
| 21 umferð | 4243 | 707 |
| 22 umferð | 5273 | 879 |

## Tölur yfir áhorfendur í Bestu deild karla 2022 Efri hluti

| | Breiðablik | KA | KR | Stjarnan | Valur | Víkingur R. | | Alls heima | Meðaltal | Röð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Breiðablik** | | | 2235 | 1226 | | 2223 | | **5,684** | **2842** | |
| **KA** | 540 | | 715 | | 550 | | | **1,805** | **602** | |
| **KR** | | | | 450 | 450 | | | **900** | **450** | |
| **Stjarnan** | | 247 | | | | 623 | | **870** | **435** | |
| **Valur** | 567 | | | 189 | | | | **756** | **378** | |
| **Víkingur R.** | | 222 | 442 | | 565 | | | **1,229** | **410** | |
| | | | | | | | | | | |
| **Alls úti** | **1,107** | **469** | **3,392** | **1,865** | **1,565** | **2,846** | | *11,244* | ***750*** | |
| **Meðaltal** | **554** | **235** | **1,131** | **622** | **522** | **1,423** | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| **Röð** | | | | | | | | | | |

| Aðsókn fyrir hverja umferð í Bestu-deild karla 2022 efri hluti | | | |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi áhorfenda | Meðaltal | |
| 1 umferð | 2506 | 418 | |
| 2 umferð | 1613 | 269 | |
| 3 umferð | 2646 | 441 | |
| 4 umferð | 1256 | 209 | |
| 5 umferð | 3223 | 537 | |

**Tölur yfir áhorfendur í Bestu deild karla 2022 Neðri hluti**

| | FH | Fram | ÍA | ÍBV | Keflavík | Leiknir R | | | Alls heima | Meðaltal | Röð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | | | 327 | | | 1137 | | | 1,464 | 732 | |
| Fram | 586 | | | 349 | | 584 | | | 1,519 | 506 | |
| ÍA | | 295 | | 233 | | | | | 528 | 264 | |
| ÍBV | 138 | | | | 152 | 149 | | | 439 | 145 | |
| Keflavík | 260 | 260 | 440 | | | | | | 960 | 320 | |
| Leiknir R | | | 427 | | 150 | | | | 577 | 289 | |
| | | | | | | | | | | | |
| Alls úti | 984 | 555 | 1,194 | 582 | 302 | 1,870 | | | *5,487* | *366* | |
| Meðaltal | 328 | 278 | 398 | 291 | 151 | 623 | | | | | |
| Röð | | | | | | | | | | | |

| Aðsókn fyrir hverja umferð í Bestu-deild karla 2022 neðri hluti | | | |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi áhorfenda | Meðaltal | |
| 1 umferð | 1162 | 194 | |
| 2 umferð | 1584 | 264 | |
| 3 umferð | 1036 | 173 | |
| 4 umferð | 969 | 162 | |
| 5 umferð | 736 | 123 | |

**Tölur yfir áhorfendur í Bestu deild kvenna 2022**

| | Afturelding | Breiðablik | ÍBV | Keflavík | KR | Selfoss | Stjarnan | Valur | Þór/KA | Þróttur R | Alls heima | Meðaltal |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Afturelding | | 311 | 106 | 325 | 211 | 413 | 200 | 281 | 238 | 348 | 2,433 | 270 |
| Breiðablik | 176 | | 217 | 287 | 109 | 367 | 386 | 145 | 368 | 212 | 2,267 | 252 |
| ÍBV | 35 | 52 | | 125 | 110 | 155 | 211 | 98 | 112 | 87 | 985 | 109 |
| Keflavík | 180 | 140 | 46 | | 110 | 90 | 93 | 78 | 56 | 210 | 1,003 | 111 |
| KR | 350 | 70 | 78 | 160 | | 110 | 232 | 85 | 135 | 250 | 1,470 | 163 |
| Selfoss | 99 | 313 | 136 | 212 | 197 | | 179 | 248 | 101 | 685 | 2,170 | 241 |
| Stjarnan | 157 | 239 | 73 | 423 | 146 | 143 | | 145 | 113 | 189 | 1,628 | 181 |
| Valur | 210 | 826 | 117 | 141 | 109 | 253 | 211 | | 120 | 503 | 2,490 | 277 |
| Þór/KA | 137 | 147 | 267 | 125 | 187 | 103 | 247 | 235 | | 357 | 1,805 | 201 |
| Þróttur R | 204 | 190 | 123 | 180 | 63 | 179 | 278 | 120 | 173 | | 1,510 | 168 |
| | | | | | | | | | | | | |
| Alls úti | 1,548 | 2,288 | 1,163 | 1,978 | 1,242 | 1,813 | 2,037 | 1,435 | 1,416 | 2,841 | *17,761* | *197* |
| Meðaltal | 172 | 254 | 129 | 220 | 138 | 201 | 226 | 159 | 157 | 316 | | |
| | | | | | 126 | | 216 | | | | | |
| Röð | | | | | | | | | | | | |

| Aðsókn fyrir hverja umferð í Bestu deild kvenna 2022 | | | |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi áhorfenda | Meðaltal | |
| 1 umferð | 1655 | 331 | |
| 2 umferð | 880 | 176 | |
| 3 umferð | 1528 | 306 | |
| 4 umferð | 586 | 117 | |
| 5 umferð | 911 | 182 | |
| 6 umferð | 960 | 192 | |
| 7 umferð | 1028 | 206 | |
| 8 umferð | 1065 | 213 | |
| 9 umferð | 824 | 165 | |
| 10 umferð | 549 | 110 | |
| 11 umferð | 1123 | 225 | |
| 12 umferð | 743 | 149 | |
| 13 umferð | 869 | 174 | |
| 14 umferð | 741 | 148 | |
| 15 umferð | 1663 | 333 | |
| 16 umferð | 629 | 126 | |
| 17 umferð | 950 | 190 | |
| 18 umferð | 1058 | 212 | |

| Þátttaka í mótum innanhúss 2022 - Fjöldi liða | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| | | 2022 | | |
| Meistaraflokkur karla | | 12 | | |
| | | | | |
| Meistaraflokkur kvenna | | 0 | | |
| | | | | |

## Skýrsla dómaranefndar

Sú breyting varð á skipan dómaranefndar 2022 að Frosti Viðar Gunnarsson, Ingi Sigurðsson og Þóroddur Hjaltalín hættu í nefndinni og er þeim þakkað fyrir þeirra framlag í gegnum tíðina. Frosti Viðar og Þóroddur störfuðu áfram að dómaramálum en á öðrum vettvangi. Frosti tók að sér þrekþjálfun dómara og Þóroddur var ráðinn til KSÍ í sex mánaða í sérverkefni í dómaramálum. Kristinn Guðbrandsson kom nýr inn í nefndina.

Nefndin var skipuð eftirtöldum aðilum árið 2022: Halldór Breiðfjörð formaður, Bragi V. Bergmann, Bryndís Sigurðardóttir, Hjalti Þór Halldórsson og Kristinn Guðbrandsson. Magnús Jónsson, Pjetur Sigurðsson og Þóroddur Hjaltalín önnuðust umsjón dómaramála KSÍ. Annað starfsfólk mótamála sinnti einnig margvíslegum verkefnum tengdum dómaramálum.

**Nýir og hættir landsdómarar**
Helgi Hrannar Briem, Jakub Marcin Róg, Soffía Ummarin Kristinsdóttir, Tomasz Piotr Zietal og Þórður Þorsteinn Þórðarson komu inn sem nýir landsdómarar árið 2022. Eftirtaldir landsdómarar létu af störfum: Elvar Smári Arnarsson, Guðmundur Ársæll Guðmundsson, Gunnþór Steinar Jónsson, Sigurður Óli Þorleifsson og Steinar Gauti Þórainsson. Er þeim þakkað fyrir þeirra framlag í gegnum tíðina.

**Störf landsdómara**
Sérstakt yfirlit fylgir skýrslunni, sem sýnir nöfn dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna þeirra. Ótaldir eru leikir í úrslitakeppnum yngri flokka, leikir hjá eigin félögum, æfingaleikir og innanhússmót. Tafla fylgir einnig skýrslunni þar sem birt er yfirlit yfir alþjóðleg störf dómara.

**Konur í landsdómarahópnum**
Að mati nefndarinnar er það sérstakt ánægjuefni að aldrei hafa verið fleiri konur á landsdómara-listanum en í ár eða 5 talsins. Stefnt er að auka þann hlut kvenna enn meira á næstu árum.

| Innlend störf landsd. | Dómari | Aðstoðardómari | Varadómari | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2022 | 1.004 | 968 | 201 | 2.173 |
| 2021 | 913 | 874 | 171 | 1.958 |
| 2020 | 730 | 721 | 186 | 1.637 |
| 2019 | 912 | 969 | 221 | 2.102 |
| 2018 | 937 | 993 | 209 | 2.139 |
| 2017 | 945 | 887 | 204 | 2.036 |
| 2016 | 942 | 761 | 195 | 1.898 |
| 2015 | 912 | 825 | 64 | 1.801 |
| 2014 | 936 | 877 | 48 | 1.861 |
| 2013 | 985 | 874 | 52 | 1.911 |
| 2012 | 943 | 834 | 48 | 1.825 |
| 2011 | 1.065 | 706 | 40 | 1.811 |
| 2010 | 881 | 931 | 44 | 1.856 |
| 2009 | 906 | 898 | 51 | 1.855 |
| 2008 | 703 | 694 | 68 | 1.465 |
| 2007 | 676 | 527 | 39 | 1.252 |
| 2006 | 680 | 537 | 42 | 1.259 |
| 2005 | 687 | 606 | 36 | 1.329 |

**Aðrir KSÍ-dómarar**

Um 140 aðrir dómarar (D hópur) störfuðu einnig á leikjum þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Þetta eru mikilvæg störf í 3. deild karla, 4. deild karla, Lengju- og 2. deild kvenna, svo og sem aðstoðardómarar í Bestu deild kvenna og í Lengju- og 2. deild karla. Taflan sýnir fjölda starfa D dómara í meistaraflokkum karla og kvenna.

| **Innlend störf KSÍ dómara** | **Störf sem dómari** | **Störf sem aðstoðardómari** | ***Verkefni samtals*** |
|---|---|---|---|
| 2022 | 606 | 2.261 | 2.867 |
| 2021 | 836 | 2.062 | 2.898 |
| 2020 | 294 | 2.111 | 2.405 |
| 2019 | 766 | 1.783 | 2.549 |
| 2018 | 775 | 1.887 | 2.662 |
| 2017 | 614 | 1.933 | 2.609 |
| 2016 | 617 | 1.908 | 2.525 |
| 2015 | 663 | 1.895 | 2.558 |
| 2014 | 594 | 2.010 | 2.604 |
| 2013 | 773 | 1.747 | 2.520 |
| 2012 | 229 | 1.510 | 1.739 |
| 2011 | 324 | 1.279 | 1.603 |
| 2010 | 382 | 1.357 | 1.739 |
| 2009 | 248 | 1.199 | 1.447 |
| 2008 | 443 | 793 | 1.236 |
| 2007 | 321 | 887 | 1.208 |
| 2006 | 283 | 745 | 1.028 |
| 2005 | 270 | 742 | 1.012 |

**Futsal**

| **Innlend störf Futsal dómara** | |
|---|---|
| 2022 | 117 |
| 2021 | 108 |
| 2020 | 0 |
| 2019 | 129 |
| 2018 | 201 |
| 2017 | 140 |
| 2016 | 106 |
| 2015 | 174 |
| 2014 | 180 |
| 2013 | 176 |
| 2012 | 84 |
| 2011 | 84 |
| 2010 | 116 |
| 2009 | 50 |
| 2008 | 112 |

*Móti aflýst 2020 vegna Covid-19.*

Á töflunni hér að neðan sést fjöldi þeirra starfa þar sem KSÍ sér um að tilnefna dómara.

| **Fjöldi dómarastarfa sem KSÍ raðar dómurum á** | |
|---|---|
| 2022 | 5.040 |
| 2021 | 4.964 |
| 2020 | 4.042 |
| 2019 | 4.651 |
| 2018 | 4.592 |
| 2017 | 4.785 |
| 2016 | 4.423 |
| 2015 | 4.735 |
| 2014 | 4.465 |
| 2013 | 4.431 |
| 2012 | 3.830 |
| 2011 | 3.606 |
| 2010 | 3.595 |
| 2009 | 3.248 |
| 2006 | 2.259 |

**Niðurröðun**

2022 er metár þegar kemur að mönnun dómarastarfa á KSÍ leiki. Áskoranirnar voru margar og krefjandi og tókst að leysa úr þeim á farsælan hátt þrátt fyrir að Covid gerði það að verkum að ekki var unnt að halda eins mörg dómaranámskeið og áður fyrir mót.
Niðurröðunarnefnd vill nota tækifærið að þakka dómurunum fyrir þeirra framlag að láta dæmið ganga upp. Sem dæmi um leikjamagn þá mannaði skrifstofa KSÍ 188 störf frá fimmtudegi til sunnudags eina helgina í ágúst. Ofan á þetta bætist síðan gífurlega mikil mönnun á leikjum sem félögin bera ábyrgð á.

**Millirikjadómarar og erlend verkefni**

Engar breytingar voru gerðar á milliríkjadómarahópnum frá 2021.
Hópurinn var skipaður eftirtöldum dómurum 2022.

FIFA-dómarar:
Bríet Bragadóttir
Helgi Mikael Jónasson
Ívar Orri Kristjánsson
Vilhjálmur Alvar Þórarinsson
Þorvaldur Árnason

FIFA-aðstoðardómarar:
Andri Vigfússon
Birkir Sigurðarson
Egill Guðvarður Guðlaugsson
Gylfi Már Sigurðsson
Jóhann Gunnar Guðmundsson
Oddur Helgi Guðmundsson
Rúna Kristín Stefánsdóttir
Þórður Arnar Árnason

Öll alþjóðleg verkefni íslenskra dómara og eftirlitsmanna árið 2022 koma fram í sérstöku yfirliti.

**Erlend verkefni**
Íslenskir dómarar störfuðu við leiki á erlendri grundu árið 2022. Árin 2020 og 2021 varð veruleg fækkun á erlendum verkefnum vegna heimsfaraldursins. Á árinu 2022 fjölgaði störfum á ný þó ekki hafi fjöldinn náð þeim störfum sem var fyrir heimsfaraldurinn. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda leikja íslenskra dómara á erlendri grundu frá árinu 2003.

Frammistaðan í erlendu verkefnunum var mjög góð.
**Erlend verkefni**

| 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 28 | 18 | 8 | 53 | 43 | 37 | 41 | 44 | 51 | 51 | 38 | 30 |

**Norræn dómaraskipti**
Norræn dómaraskipti hófust árið 2005 og er tilgangur þeirra að auka þekkingu og reynslu dómara. Vegna heimsfaraldursins voru engin dómaraskipti við hin Norðurlöndin árin 2020 og 2021.

Í ár var aftur farið af stað með Norrænu dómaraskiptin.
Dómarinn Egill Arnar Sigurþórsson og aðstoðardómarinn Eystinn Hrafnkelsson dæmdu leik B68 og HB í Færeyjum. Dómarinn Jóhann Ingi Jónsson og Kristján Már Ólafs dæmdu leik PK35 og TPS í Finnlandi. Færeyingarnir Rúni Olsen og Jón Marni Johannesen dæmdu leik Kórdrengja og HK og Finnarnir Juho Nieminen og Eemeli Kettunen dæmdiu leik Fylkis og Gróttu.

**UEFA - CORE**
CORE er verkefni á vegum UEFA þar sem unnið er á mjög faglegan hátt með dómaratríó frá öllum aðildarlöndum þess. Námskeiðið fer fram í Nyon í tveimur 10 daga lotum. Gunnar Oddur Hafliðason dómari og aðstoðardómararnir Kristján Már Ólafs og Eysteinn Hrafnkelsson voru fulltrúar Íslands árið 2022.

**Dómaraskipti við England, Wales og Norður-Írland**
Fyrir Covid var KSÍ með dómaraskipti við England, Wales og N-Írland. Dómaraskiptin hafa legið niðri frá og með árinu 2019. Reiknað er með að þau verði endurvakin á árinu 2023.

**Þóroddur Hjaltalín ráðinn í 6 mánaða sérverkefni**
Þóroddur Hjaltalín var í mars ráðinn í 6 mánaða starf þar sem aðaláherslan var á að fjölga dómurum á Norður- og Austurlandi sem og að sjá um fræðslumál og stuðning við landsdómarahópinn. Það er samdóma álit dómaranefndar að einstaklega vel hafi tekist til með ráðningu Þórodds og erfitt verði að stíga skrefið til baka.

**Þrekæfingar dómara**
Fannar Karvel Steinþórsson hefur séð um þrekþjálfun dómara undanfarin ár. Hann lét af störfum í maí á þessu ári. Dómaranefnd vill nota tækifærið og þakka honum fyrir hans framlag í gegnum tíðana. Frosti Viðar Gunnarsson fyrrum dómaranefndarmaður sem verið hefur Fannari til halds og traust undanfarin ár tók við starfinu. Allir landsdómarnir eru með púlsklukkur og ber þeim að skila niðurstöðum úr púlsklukku til þrekþjálfara á hálfsmánaðar fresti. Þetta fyrirkomulag auðveldar þjálfara að fylgjast með ástundun hvers og eins og einnig til að leiðbeina viðkomandi dómurum um hvort þeir séu að æfa rétt.

Allir landsdómararnir eru með kort í líkamsræktarstöð.
Í mars þurfti landsdómarahópurinn að standast staðlað þrekpróf frá FIFA til að geta starfað á þeim leikjum þar sem landsdómara er krafist.
Í október tóku dómararnir sem skipa FIFA hópinn 2023 þrekpróf.
UEFA fer einnig fram á að þjálfari skili inn niðurstöðum úr púlsklukkum og þrekprófum allra dómara sem dæma í efstu deildum í aðildarlöndunum.

**Dómaranámskeið**
Í meira en áratug hafa aðildarfélögin pantað dómaranámskeið sem haldin hafa verið hjá félögunum. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og fjöldi nýrra dómara útskrifast sem unglingadómarar á ári hverju. Vegna Covid-19 urðu námskeiðin í ár mun færri en undanfarin ár sem varð til þess að mun færri útskrifuðust sem unglingadómarar en í meðalári. Það er greinilegt að þörfin fyrir námskeiðin er mikil og hafa mörg félög bókað námskeið á næstu mánuðum. Kennarar á námskeiðunum voru Helgi Mikael Jónasson, Magnús Jónsson og Þóroddur Hjaltalín. Á byrjendanámskeiðunum er fyrst og fremst lögð áhersla á að kenna knattspyrnulögin. Námskeiðin eru stutt en hnitmiðuð og markmiðið með þeim er fyrst og fremst að hjálpa félögunum að búa til dómarahópa til þess að manna þá fjölmörgu leiki sem eru á þeirra ábyrgð. Mikilvægt er að þau félög sem panta til sín byrjendanámskeið leggi vinnu í það að fá inn fólk á námskeiðið sem nýtist þeim og styrki það starf sem fyrir er. Það að boða eingöngu 3. flokk félagsins og láta þar við sitja er ekki vænlegt til árangurs.

Þeir sem hafa áhuga á því að mennta sig meira í dómarafræðum sækja síðan aðstoðardómara-námskeið, dómaranámskeið og héraðsdómaranámskeið en KSÍ stendur árlega fyrir nokkrum slíkum. Þróun í fjölda nýrra unglingadómara hin síðari ár hefur verið þessi:

**Nýir unglingadómarar**

| 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 114 | 175 | 198 | 226 | 203 | 208 | 473 | 513 | 462 | 449 | 288 | 452 |

**Héraðsdómaranámskeið**
Egill Arnar Sigurþórsson og Þóroddur Hjaltalín voru kennarar á héraðsdómaranámskeiðunum.

**Virkir dómarar**

| **2022** | **2021** | **2020** | **2019** | **2018** | **2017** | **2016** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 585 | 707 | 925 | 1.032 | 937 | 1.016 | 1.103 |

**Hæfileikamótun**
7 dómarar tóku þátt í hæfileikamótun í ár. Kerfið er þannig byggt upp að hver dómari fær lærifóður sem fylgist með honum í 5 leikjum yfir árið. Ungir og efnilegir dómarar utan landsdómarahóps sem og dómarar innan landsdómarahópsins tóku þátt í verkefninu.

**Eftirlit með leikjum og störfum dómara**
41 eftirlitsmenn störfuðu á leikjum í A deild Lengjubikars karla, landsdeildum og bikarkeppnum árið 2022. Skiluðu þeir skýrslum um framkvæmd leikja og frammistöðu dómara
Í október var tekin í notkun rafræn eftirlitsskýrsla. Með rafrænni eftirlitsskýrslu er hægt að vinna fjölda gagna um dómarana og þá sérstaklega hvar styrkleikar þeirra og veikleikar liggja,

**Norræna dómaranefndarráðstefnan**
Norræna dómaranefndarráðstefnan var haldin í Helsinki í byrjun ágúst. Á ráðstefnunni koma saman dómarastjórar Norðurlandanna ásamt þremur til fjórum dómaranefdarmönnum frá hverju landi og bera saman bækur sínar. Fulltrúar Íslands á ráðstefnunni voru Bryndís Sigurðardóttir, Gylfi Þór Orrason, Halldór Breiðfjörð og Magnús Jónsson. Næsta ráðstefna verður á Íslandi 2024.

**Dómarasáttmálinn**
Ísland hefur verið aðili að dómarasáttmála UEFA frá árinu 2009. Auk fjárhagslegs styrks er hér einnig um að ræða viðurkenningu á því að KSÍ er að uppfylla þá gæðastuðla sem krafist er af UEFA þegar kemur að dómaramálum.

**Knattspyrnulögin**
Eins og undanfarin ár bar Gylfi Þór Orrason hitann og þungan af útgáfu knattspyrnulaganna. Metnaðurinn og vinnusemin sem Gylfi hefur lagt í málaflokkinn undanfarin ár er ómetanlegur fyrir íslenska knattspyrnu.

**Stefnumótunarvinna**
Á árinu var lokið við stefnumótunarvinnu í dómaramálum til ársins 2025.

**Átak í bættu umhverfi dómara**
Stjórn KSÍ fól dómaranefnd að leita leiða til að bæta starfsumhverfi dómara.
Starfshópur verður skipaður eftir áramót með fulltrúum þeirra hópa sem koma að leiknum fagra.

**Lokaorð**
Dómaranefnd KSÍ og starfsfólk dómaramála þakkar aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum þeirra, dómurum og eftirlitsmönnum ánægjulegt samstarf á árinu 2022.

*Halldór Breiðfjörð, formaður*

# Innlend verkefni dómara 2022

| | Íslandsmót karla | | | | | | | | | | ÍM og BK | | Bikar / MK | | Dbikar | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | PD karla | | 1. deild | | 2. deild | | 3. deild | | 4. deild | | 2.fl. | | karla | | karla | | mfl. karla | |
| **FIFA-dómarar:** | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD |
| Bríet Bragadóttir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Helgi Mikael Jónasson | 19 | 0 | 4 | 0 | 3 | 0 | 1 | 0 | 2 | 1 | 1 | 0 | 4 | 0 | 8 | 0 | 42 | 1 |
| Ívar Orri Kristjánsson | 16 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 3 | 0 | 27 | 0 |
| Vilhjálmur Alvar Þórarinsson | 21 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 5 | 0 | 34 | 0 |
| Þorvaldur Árnason | 10 | 0 | 1 | 0 | 3 | 0 | 1 | 0 | 2 | 1 | 0 | 0 | 3 | 0 | 1 | 0 | 21 | 1 |
| **Pepsi-deildar dómarar:** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Egill Arnar Sigurþórsson | 12 | 0 | 8 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 6 | 0 | 32 | 0 |
| Einar Ingi Jóhannsson | 12 | 0 | 8 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 2 | 0 | 7 | 0 | 31 | 1 |
| Elías Ingi Árnason | 6 | 0 | 3 | 0 | 3 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 7 | 0 | 23 | 0 |
| Erlendur Eiríksson | 15 | 0 | 6 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 4 | 0 | 30 | 0 |
| Jóhann Ingi Jónsson | 19 | 0 | 4 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 4 | 0 | 32 | 0 |
| Pétur Guðmundsson | 16 | 0 | 8 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 6 | 0 | 1 | 0 | 34 | 1 |
| Sigurður Hjörtur Þrastarson | 12 | 0 | 6 | 0 | 8 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 30 | 0 |
| **FIFA aðstoðardómarar:** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Andri Vigfússon | 0 | 22 | 0 | 4 | 1 | 2 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 4 | 2 | 37 |
| Birkir Sigurðarson | 0 | 20 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 1 | 4 | 2 | 31 |
| Egill Guðvarður Guðlaugsson | 0 | 23 | 0 | 4 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 2 | 0 | 1 | 0 | 6 | 0 | 8 | 1 | 45 |
| Gylfi Már Sigurðsson | 0 | 22 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 6 | 0 | 33 |
| Jóhann Gunnar Guðmundsson | 0 | 22 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 4 | 0 | 31 |
| Oddur Helgi Guðmundsson | 0 | 24 | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 1 | 0 | 33 |
| Rúna Kristín Stefánsdóttir | 0 | 7 | 0 | 8 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 19 |
| Þórður Arnar Árnason | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| **Pepsi-deildar aðstoðadómar:** | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Antoníus Bjarki Halldórsson | 0 | 16 | 0 | 1 | 0 | 4 | 1 | 0 | 4 | 4 | 0 | 0 | 1 | 3 | 0 | 4 | 6 | 32 |
| Bergur Daði Ágústsson | 0 | 16 | 0 | 9 | 0 | 5 | 0 | 1 | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 6 | 3 | 40 |
| Bryngeir Valdimarsson | 0 | 19 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 5 | 0 | 30 |
| Daníel Ingi Þórsson | 0 | 0 | 0 | 18 | 0 | 6 | 0 | 2 | 3 | 1 | 3 | 0 | 0 | 2 | 1 | 5 | 7 | 34 |
| Eðvarð Eðvarðsson | 0 | 19 | 0 | 1 | 4 | 9 | 1 | 1 | 2 | 2 | 2 | 0 | 0 | 6 | 2 | 5 | 11 | 43 |
| Eysteinn Hrafnkelsson | 0 | 20 | 0 | 9 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 2 | 0 | 4 | 0 | 4 | 1 | 7 | 2 | 47 |
| Guðmundur Ingi Bjarnason | 0 | 21 | 0 | 12 | 0 | 4 | 0 | 2 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 5 | 1 | 5 | 2 | 50 |
| Gunnar Helgason | 0 | 1 | 0 | 6 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 2 | 0 | 13 |
| Kristján Már ólafsson | 0 | 20 | 0 | 7 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 5 | 1 | 8 | 1 | 42 |
| Óli Njáll Ingólfsson | 0 | 0 | 0 | 11 | 5 | 2 | 3 | 1 | 4 | 0 | 2 | 1 | 0 | 3 | 2 | 4 | 16 | 22 |
| Patrik Freyr Guðmundsson | 0 | 8 | 0 | 6 | 1 | 12 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 1 | 0 | 6 | 1 | 3 | 4 | 36 |
| Smári Stefánsson | 0 | 8 | 0 | 10 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 4 | 0 | 30 |
| Sveinn Þórður Þórðarson | 0 | 16 | 0 | 4 | 0 | 5 | 0 | 2 | 1 | 2 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 4 | 1 | 36 |
| Ragnar Þór Bender | 0 | 20 | 0 | 8 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 3 | 0 | 5 | 1 | 36 |

| | Íslandsmót kvenna | | | | | | Bikar / MK | | Dbikar | | Samtals | | Verkefni | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | PD kv. | | 1. deild | | 2. deild | | kvenna | | kvenna | | mfl. kv. | | samtals | | |
| **FIFA-dómarar:** | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | VD |
| Bríet Bragadóttir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Helgi Mikael Jónasson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 42 | 1 | 11 |
| Ívar Orri Kristjánsson | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 28 | 0 | 3 |
| Vilhjálmur Alvar Þórarinsson | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 37 | 0 | 8 |
| Þorvaldur Árnason | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 22 | 1 | 1 |
| **Pepsi-deildar dómarar:** | | | | | | | | | | | | | | | |
| Egill Arnar Sigurþórsson | 2 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 5 | 0 | 37 | 0 | 13 |
| Einar Ingi Jóhannsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 32 | 1 | 15 |
| Elías Ingi Árnason | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 25 | 0 | 16 |
| Erlendur Eiríksson | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 31 | 0 | 13 |
| Jóhann Ingi Jónsson | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 34 | 0 | 11 |
| Pétur Guðmundsson | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 36 | 1 | 11 |
| Sigurður Hjörtur Þrastarson | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 32 | 0 | 4 |
| **FIFA aðstoðardómarar:** | | | | | | | | | | | | | | | |
| Andri Vigfússon | 1 | 0 | 2 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 4 | 1 | 6 | 38 | 2 |
| Birkir Sigurðarson | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 3 | 31 | 1 |
| Egill Guðvarður Guðlaugsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 45 | 1 |
| Gylfi Már Sigurðsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 33 | 0 |
| Jóhann Gunnar Guðmundsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 31 | 0 |
| Oddur Helgi Guðmundsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 34 | 0 |
| Rúna Kristín Stefánsdóttir | 0 | 6 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 11 | 0 | 30 | 0 |
| Þórður Arnar Árnason | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 |
| **Pepsi-deildar aðstoðadómar:** | | | | | | | | | | | | | | | |
| Antoníus Bjarki Halldórsson | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 3 | 2 | 9 | 34 | 1 |
| Bergur Daði Ágústsson | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 2 | 2 | 5 | 42 | 0 |
| Bryngeir Valdimarsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 30 | 0 |
| Daníel Ingi Þórsson | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 7 | 39 | 0 |
| Eðvarð Eðvarðsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 1 | 2 | 1 | 4 | 2 | 15 | 45 | 0 |
| Eysteinn Hrafnkelsson | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 3 | 48 | 1 |
| Guðmundur Ingi Bjarnason | 1 | 3 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 3 | 3 | 5 | 53 | 2 |
| Gunnar Helgason | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 13 | 0 |
| Kristján Már ólafsson | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 42 | 2 |
| Óli Njáll Ingólfsson | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 2 | 17 | 24 | 0 |
| Patrik Freyr Guðmundsson | 0 | 2 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 2 | 3 | 6 | 39 | 0 |
| Smári Stefánsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 30 | 0 |
| Sveinn Þórður Þórðarson | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 1 | 40 | 0 |
| Ragnar Þór Bender | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 37 | 1 |

# Ársskýrslur nefnda KSÍ 2022

| Aðrir landsdómarar | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | D | AD | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Aðalbjörn Heiðar Þorsteinsson | 1 | 0 | 10 | 0 | 2 | 0 | 5 | 0 | 2 | 0 | 6 | 0 | 4 | 0 | 3 | 0 | 33 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 5 | 0 | 38 | 0 | 14 |
| Arnar Ingi Ingvarsson | 1 | 0 | 12 | 0 | 3 | 0 | 3 | 0 | 3 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 8 | 0 | 33 | 0 | 6 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 9 | 0 | 42 | 0 | 12 |
| Arnar Þór Stefánsson | 0 | 0 | 6 | 0 | 1 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 6 | 0 | 18 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 20 | 0 | 10 |
| Atli Haukur Arnarsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 0 | 4 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 4 | 0 | 20 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 6 | 0 | 26 | 0 | 1 |
| Ásmundur Þór Sveinsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 | 0 | 5 | 0 | 1 | 0 | 4 | 0 | 2 | 0 | 3 | 0 | 24 | 0 | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 8 | 0 | 32 | 0 | 0 |
| Birgir Þór Þrastarson | 0 | 0 | 1 | 0 | 9 | 0 | 3 | 0 | 4 | 0 | 3 | 0 | 2 | 0 | 3 | 0 | 25 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 4 | 0 | 29 | 0 | 4 |
| Breki Sigurðsson | 0 | 0 | 0 | 19 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 3 | 0 | 6 | 3 | 28 | 0 | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 2 | 3 | 5 | 6 | 33 | 1 |
| Eiður Ottó Bjarnason | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 7 | 0 | 0 |
| Eydis Ragna Einarsdóttir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 9 | 0 | 6 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 19 | 0 | 11 | 0 | 4 | 0 | 4 | 0 | 2 | 0 | 7 | 0 | 28 | 0 | 47 | 0 |
| Guðgeir Einarsson | 1 | 0 | 3 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 12 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 14 | 0 | 1 |
| Guðmundur Páll Friðbertsson | 0 | 0 | 4 | 0 | 8 | 0 | 4 | 0 | 1 | 0 | 2 | 2 | 1 | 0 | 4 | 0 | 24 | 2 | 8 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 4 | 0 | 15 | 0 | 39 | 2 | 4 |
| Guðmundur Valgeirsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 1 | 0 | 2 | 2 | 1 | 0 | 1 | 0 | 2 | 2 | 11 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 4 | 2 | 15 | 2 |
| Gunnar Freyr Róbertsson | 0 | 0 | 10 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 18 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 8 | 0 | 26 | 0 | 10 |
| Gunnar Oddur Hafliðason | 1 | 0 | 16 | 0 | 6 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 3 | 0 | 7 | 0 | 38 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 5 | 0 | 43 | 0 | 12 |
| Gunnþór Steinar Jónsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 3 | 0 | 0 |
| Helgi Hrannar Briem | 0 | 0 | 0 | 12 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 1 | 2 | 1 | 0 | 4 | 0 | 6 | 2 | 27 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 5 | 2 | 32 | 0 |
| Helgi Ólafsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 10 | 0 | 3 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 4 | 0 | 20 | 0 | 8 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 8 | 1 | 28 | 1 | 2 |
| Jakub Marcin Róg | 0 | 0 | 0 | 9 | 2 | 3 | 2 | 0 | 6 | 3 | 8 | 5 | 1 | 3 | 1 | 3 | 20 | 26 | 2 | 2 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 2 | 3 | 0 | 8 | 5 | 28 | 31 | 1 |
| Jóhann Atli Hafliðason | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 5 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 7 | 0 | 0 |
| Krisinn Friðrik Hrafnsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 3 | 0 | 6 | 0 | 0 |
| Soffia Ummarin Kristinsdottir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 3 | 0 | 5 | 5 | 5 | 1 | 0 | 2 | 0 | 1 | 13 | 9 | 13 | 10 | 0 |
| Steinar Berg Sævarsson | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 0 | 3 | 0 | 3 | 0 | 3 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 18 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 21 | 0 | 0 |
| Sveinn Arnarsson | 0 | 0 | 8 | 0 | 9 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 3 | 0 | 7 | 0 | 31 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 4 | 0 | 35 | 0 | 5 |
| Tomaz Piotr Zietal | 0 | 0 | 0 | 9 | 0 | 4 | 3 | 0 | 4 | 2 | 2 | 0 | 0 | 1 | 2 | 8 | 11 | 24 | 0 | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 1 | 7 | 12 | 31 | 1 |
| Twana Khalid Ahmed | 0 | 0 | 3 | 0 | 10 | 0 | 6 | 0 | 10 | 0 | 2 | 0 | 3 | 0 | 10 | 0 | 44 | 0 | 10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 4 | 0 | 15 | 0 | 59 | 0 | 2 |
| Þórður Þorsteinn Þórðarson | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 6 | 0 | 4 | 0 | 5 | 0 | 0 | 2 | 1 | 0 | 19 | 2 | 4 | 0 | 3 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 10 | 1 | 29 | 3 | 0 |
| **Verkefni alls:** | **162** | **324** | **130** | **183** | **127** | **70** | **65** | **21** | **73** | **35** | **64** | **20** | **73** | **91** | **131** | **121** | **825** | **865** | **90** | **47** | **22** | **13** | **15** | **8** | **14** | **15** | **38** | **20** | **179** | **103** | **1004** | **968** | **201** |

| Alþjóðleg verkefni dómara á erlendri grundu | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nr. | Dags. | Land | Leikstaður | Mót og lið | Leikur | Dómari | Aðstoðardómari 1 | Aðstoðardómari 2 | Fjórði dómari |
| 1 | 23.03.2022 | Skotland | Falkirk | U-17 Tournering | Skotland-Tékkland | | | Kristján Már Ólafs | Ívar Orri Kristjánsson |
| 2 | 26.03.2022 | Skotland | Falkirk | U-17 Tournering | Þýskaland-Skotland | Ívar Orri Kristjánsson | Kristján Már Ólafs | | |
| 3 | 29.03.2022 | Skotland | Falkirk | U-17 Tournering | Georgia-Skotland | Ívar Orri Kristjánsson | Kristján Már Ólafs | | |
| 4 | 25.03.2022 | Bosnia-Herzegovin | Sarajevo | U-21 | Bosnia-Hersigonia-Luxemb | Helgi Mikael Jónasson | Gylfi Már Sigurðsson | Eysteinn Hrafnkelsson | Vilhjálmur Alvar Þórarinsson |
| 5 | 29.03.2022 | Malta | Ta'Qali | U-21 | Malta-Litháen | Þorvaldur Árnason | Jóhann Gunnar Guðmundsson | Andri Vigfússon | Jóhann Ingi Jónsson |
| 6 | 17.05.2022 | Ísrael | Rishon Le-zion | U-17 Úrslitakeppni | Serbía-Belgía | Helgi Mikael Jónasson | Gylfi Már Sigurðsson | | |
| 7 | 19.05.2022 | Ísrael | Lod | U-17 Úrslitakeppni | Holland-Pólland | Helgi Mikael Jónasson | Gylfi Már Sigurðsson | | |
| 8 | 20.05.2022 | Ísrael | | U-17 Úrslitakeppni | Danmörk-Skotland | | | Gylfi Már Sigurðsson | Helgi Mikael Jónasson |
| 9 | 23.05.2022 | Ísrael | Lod | U-17 Úrslitakeppni | Svíþjóð-Skotland | Helgi Mikael Jónasson | Gylfi Már Sigurðsson | | |
| 10 | 7.06.2022 | England | Chesterfield | U-21 | England-Albania | Ívar Orri Kristjánsson | Birkir Sigurðarson | Jóhann Gunnar Guðmundsson | Þorvaldur Árnason |
| 11 | 2.07.2022 | Færeyjar | Svangaskarð | Norræn dómaraskipti | B68-HB | Egill Arnar Sigþórsson | Eysteinn Hrafnkelsson | | |
| 12 | 7.7.2022 | Gibraltar | Gibraltar | Evrópudeildin | Magpies-Crusaders | Helgi Mikael Jónasson | Egill Guðvarður Gunnlaugsson | Kristján Már Ólafs | Jóhann Ingi Jónsson |
| 13 | 7.7.2022 | N-Írland | Derry | Evrópudeildin | Derry-Riga | Vilhjálmur Alvar Þórarinsson | Gylfi Már Sigurðsson | Birkir Sigurðsson | Ívar Orri Kristjánsson |
| 14 | 14.07.2022 | N-Írland | Belfast | Evrópudeildin | Cliftonville-Dunajská Streda | Þorvaldur Árnason | Jóhann Gunnar Guðmundsson | Andri Vigfússon | Ívar Orri Kristjánsson |
| 15 | 21.07.2022 | Gibraltar | Gibraltar | Evrópudeildin | St Joseph's FC - Slavia P | Ívar Orri Kristjánsson | Birkir Sigurðarson | Gylfi Már Sigurðsson | Þorvaldur Árnason |
| 16 | 4.08.2022 | Ungverjaland | Szekesfeherva | Sambandsdeildin | Fehérvár-FC Petrocub-Hinc | Vilhjálmur Alvar Þórarinsson | Gylfi Már Sigurðsson | Birkir Sigurðsson | Helgi Mikael Jónasson |
| 17 | 4.08.2022 | Finnaland | Helsinki | Norræn dómaraskipti | PK35-TPS | Jóhann Ingi Jónsson | Kristján Már Ólafs | | |
| 18 | 18.08.2022 | Norður Makedonia | Skopje | Evrópudeildin | FC Shkupi-Ballkani | Ívar Orri Kristjánsson | Birkir Sigurðarson | Jóhann Gunnar Guðmundsson | Þorvaldur Árnason |
| 19 | 7.09.2022 | Spánn | Barcelona | UEFA Youth league | Barcelona-Viktoria Pilsen | Helgi Mikael Jónasson | Kristján Már Ólafs | Eysteinn Hrafnkelsson | |
| 20 | 8.09.2022 | Írland | Dublin | Sambandsdeildin | Shamrock Rovers FC-Djurg | Ívar Orri Kristjánsson | Birkir Sigurðarson | Jóhann Gunnar Guðmundsson | Þorvaldur Árnason |
| 21 | 21.09.2022 | Búlgaría | Albena | U-19 | Azerbaijan-Bulgaria | | | Egill Guðvarður Gunnlaugsson | Helgi Mikael Jónasson |
| 22 | 22.09.2022 | Litháen | Vilnius | Sambandsdeildin | Litháen-Færeyjar | Vilhjálmur Alvar Þórarinsson | Gylfi Már Sigurðsson | Birkir Sigurðsson | Þorvaldur Árnason |
| 23 | 24.09.2022 | Búlgaría | Albena | U-19 | Tyrkland-Azerbajan | Helgi Mikael Jónasson | Egill Guðvarður Gunnlaugsson | | |
| 24 | 24.09.2022 | Belgía | Bocholt | U-19 | Spánn-Albanðia | Ívar Orri Kristjánsson | Oddur Helgi Guðmundsson | | |
| 25 | 27.09.2022 | Belgía | | U-19 | Belgía-Spánn | | | Oddur Helgi Guðmundsson | Ívar Orri Kristjánsson |
| 26 | 27.09.2022 | Búlgaría | Albena | U-19 | Luxemborg-Azerbaijan | Helgi Mikael Jónasson | Egill Guðvarður Gunnlaugsson | | |
| 27 | 05.10.2022 | Skotland | Edenborg | UEFA Youth league | Hibernian FC-Molde | Helgi Mikael Jónasson | Kristján Már Ólafs | Eysteinn Hrafnkelsson | |

| | Alþjóðleg verkefni eftirlitsmanna | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Dags.** | **Land** | **Leikstaður** | **Mót og lið** | **Leikur** | **Eftirlitsdómari** |
| 1 | 29.03.2022 | Gíbraltar | Gíbraltar | U-21 | Gíbraltar-Moldova | Gunnar Jarl Jónsson |
| 2 | 2.6.2022 | Slovenia | Ljubljana | Þjóðardeildin | Slóvenia-Svíþjóð | Kristinn Jakobsson |
| 3 | 9.6.2022 | Malta | Ta Qali | Þjóðardeildin | Malta-Eistland | Eyjólfur Ólafsson |
| 4 | 11.6.2022 | Ungverjaland | Budapest | Þjóðardeildin | Ungverjaland-Þýskaland | Gylfi Þór Orrason |
| 5 | 12.6.2022 | Armenia | Yerevan | U-21 | Armenia-Ukraina | Þóroddur Hjaltalín |
| 6 | 13.06.2022 | Tékkland | Brno | U-21 | Tékkland-Andorra | Gunnar Jarl Jónsson |
| 7 | 05.07.2022 | Gibraltar | Gíbraltar | Evrópudeildin | St Joseph's FC - Larne | Þóroddur Hjaltalín |
| 8 | 06.06.2022 | Tékkland | Bratislava | Meistaradeildin | Slovan Bratislava-Batumi | Kristinn Jakobsson |
| 9 | 07.07.2022 | Slóvakía | Dunajska Strec | Evrópudeildin | DAC-Cliftonville | Eyjólfur Ólafsson |
| 10 | 07.07.2022 | Eistland | Tallinn | Evrópudeildin | Flora-SJK | Gylfi Þór Orrason |
| 11 | 27.07.2022 | Færeyjar | Klaksvík | Evrópudeildin | Klaksvik-Sutjeska | Eyjólfur Ólafsson |
| 12 | 28.07.2022 | Noregur | Stavanger | Sambandsdeildin | Viking Stavanger-Sparta P | Gunnar Jarl Jónsson |
| 13 | 28.07.2022 | Rúmenía | Bukarest | Sambandsdeildin | FCSB-FC Saburtalo | Þóroddur Hjaltalín |
| 14 | 4.08.2022 | Írland | Dunndee | Sambandsdeildin | Dundee-AZ Alkmar | Kristinn Jakobsson |
| 15 | 4.08.2022 | Búlgaría | Soffia | Evrópudeildin | CSKA-Sofia- St Patricks | Gylfi Þór Orrason |
| 16 | 11.08.2022 | Finnland | Helsinki | Evrópudeildin | HJK-Maribor | Gylfi Þór Orrason |
| 17 | 11.08.2022 | Makedonia | Skopje | Sambandsdeildin | KF Shkendija-AIK | Eyjólfur Ólafsson |
| 18 | 11.08.2022 | Svíþjóð | Stokkholmur | Sambandsdeildin | Djurgarden-Sepsi OSK | Gunnar Jarl Jónsson |
| 19 | 16.08.2022 | Danmörk | Kaupmannahö | Meistaradeildin | Copenhagen-Trapbzonspo | Gylfi Þór Orrason |
| 20 | 18.08.2022 | Svíþjóð | Malmö | Evrópudeildin | Malmö-Sivissaspor | Kristinn Jakobsson |
| 21 | 7.09.2022 | England | London | Meistaradeildin | Tottenham-Marseile | Gylfi Þór Orrason |
| 22 | 15.09.2022 | Danmörk | Silkeborg | Sambandsdeildin | Silkeborg-West Ham | Gunnar Jarl Jónsson |
| 23 | 6.10.2022 | Tyrkland | Istanbul | Evrópudeildin | Fenerbache-Larnaca | Gylfi Þór Orrason |
| 24 | 20.10.2022 | England | London | Evrópudeildin | Arsenal-PSV | Kristinn Jakobsson |
| 25 | 27.10.2022 | Belgía | Brussel | Sambandsdeildin | Anderlecht-FCSB | Gylfi Þór Orrason |
| 26 | 27.10.2022 | Sviss | Basel | Sambandsdeildin | Basel-FK Zalgiris Vilnus | Þóroddur Hjaltalín |
| 27 | 03.11.2022 | Svíþjóð | Stokkholmur | Sambandsdeildin | Djurgarden-Shamrock Rove | Kristinn Jakobsson |
| 28 | 03.11.2022 | Lettland | Riga | Sambandsdeildin | RFS-Fiorentina | Eyjólfur Ólafsson |

| | Erlend störf dómara á Íslenskri grundu. | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | **Dags.** | Land | Leikstaður | Mót og lið | Leikur | Dómari | Aðstoðardómari 1 | Aðstoðardómari 2 | 4. dómari | Eftirlitsmaður |
| 1 | 23.2.2022 | Ísland | Miðgarður | U-16 KVK | Ísland-Sviss | Helgi Mikael Jónasson | Eysteinn Hrafnkelsson | Daníel Ingi Þórsson | Twana Kahled Ahmid | Þórður G Lárusson |
| 2 | 26.2.2022 | ísland | Miðgarður | U-16 KVK | ísland-Sviss | Gunnar Oddur Hafliðason | Egill Guðvarður Gunnlaugsson | Guðmundur Ingi Bjarnason | Pétur Guðmundsson | Hjalti Þór Halldórsson |

## Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar

Eftirtalin voru kosin í aga- og úrskurðarnefnd á ársþingi KSÍ árið 2021 til tveggja ára: Gunnar Guðmundsson formaður, Björg Ásta Þórðardóttir varaformaður, Helgi R. Magnússon varaformaður, Ásta Björk Eiríksdóttir, Erna Birgisdóttir, Gunnar Sverrir Gunnarsson, Sigrún S. Óttarsdóttir, og Þröstur Ríkharðsson.

Aga- og úrskurðarnefnd hefur tvíþætt meginhlutverk, annars vegar úrskurðar nefndin í agamálum og hins vegar er nefndin úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi í kærumálum. Nefndin starfar óháð KSÍ, en hefur sér til aðstoðar starfsmann á skrifstofu KSÍ.

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ fundar vikulega á keppnistímabilinu og voru reglulegir þriðjudagsfundir nefndarinnar 38 í ár. Þar fyrir utan kemur nefndin saman á aukafundum fyrir keppnistímabilið og á keppnistímabilinu sjálfu til að fjalla um einstök mál.

Fjöldi spilaðra leikja í Íslandsmótum meistaraflokks karla árið 2022 voru 844 (789 leikir árið 2021). Í leikjum í Íslandsmóti meistaraflokks karla í voru veitt 4,61 gul spjöld að meðaltali í leik (4,69 árið 2021), en 0,30 rauð rauð í leik (0,18 árið 2021). Mið skal tekið af því að í efstu deild karla voru leiknar 27 umferðir í stað 22 líkt og fyrri ár. Heildarfjöldi leikja var því hærri en fyrri ár.

Fjöldi spilaðra leikja í meistaraflokki kvenna voru 271 (264 leikir árið 2021). Í leikjum í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna voru veitt 1,9 gul spjöld að meðaltali í leik (2,22 árið 2021) en 0,07 rauð í leik (0,11 árið 2021). Þó er fjöldi spjalda misjafn á milli deilda. Sjá hér að neðan yfirlit til frekari fróðleiks:

**Spjöld í deildum árið 2022** | **Meðaltal spjalda á leik**

| | *Gul spjöld* | *Rauð spjöld* | *Leikjafjöldi* | *Gul spj.* | *Rauð spj.* |
|---|---|---|---|---|---|
| Besta deild karla | 762 | 44 | 162 | 4,7 | 0,27 |
| Lengjudeild karla | 668 | 53 | 132 | 5,06 | 0,4 |
| 2. deild karla | 658 | 29 | 132 | 4,84 | 0,21 |
| 3. deild karla | 598 | 46 | 132 | 4,39 | 0,34 |
| 4. deild karla | 1128 | 77 | 278 | 4,06 | 0,28 |
| **Samtals:** | **3.814** | **249** | **836** | **4,61** | **0,30** |
| | | | | | |
| Besta deild kvenna | 192 | 8 | 90 | 2,13 | 0,08 |
| Lengjudeild kvenna | 171 | 8 | 90 | 1,9 | 0,05 |
| 2. deild kvenna | 152 | 8 | 91 | 1,67 | 0,09 |
| **Samtals:** | **515** | **24** | **271** | **1,9** | **0,07** |

Sektir vegna refsistiga og brottvísana þjálfara og starfsmanna liða námu kr. 2.104.000,- keppnistímabilið 2022 sem er hækkun frá árinu 2021 (kr. 1.042.500). Rétt er að taka fram að hækkun skýrist að mestu vegna hækkunar á viðmiði sekta vegna refsistiga. Aðrar sektir sem aga- og úrskurðarnefnd beitti vegna kærumála og annarra mála námu kr. 1.820.000,- sem er hækkun frá árinu 2021 (kr. 775.000,-). Aga- og úrskurðarnefnd bárust 14 kærumál og kvað nefndin upp úrskurð í öllum þeirra. Fimm úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar var áfrýjað til Áfrýjunardómstóls KSÍ.

Drago-stytturnar eru veittar prúðustu liðunum í tveimur efstu deildum karla. Stjarnan hlýtur Drago-styttuna fyrir árið 2022 í Bestu deild karla og Fylkir í Lengjudeild karla. Þar er stuðst við fjölda gulra og rauðra spjalda. ÍBV var með prúðasta liðið í Bestu deild kvenna og Grindavík í Lengjudeild kvenna, einnig á grundvelli gulra og rauðra spjalda.

Samstarfsfólki mínu í aga- og úrskurðarnefnd og starfsmönnum nefndarinnar er þakkað gott samstarf á árinu, sömuleiðis stjórnarmönnum KSÍ, dómurum, eftirlitsmönnum, leikmönnum og forystumönnum félaga.

*Gunnar Guðmundsson, formaður*

## Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2022 skipuðu Guðlaug Helga Sigurðardóttir, formaður, Gísli Guðni Hall og Guðný Petrína Þórðardóttir. Fram að skipun nefnda í kjölfar ársþings KSÍ í febrúar, n.t.t. í janúar og febrúar 2022, var Kolbeinn Kristinsson formaður nefndarinnar. Varamenn voru Ragnar Baldursson, Tanja Tómasdóttir og Unnar Steinn Bjarndal. Starfsmenn nefndarinnar voru Haukur Hinriksson og Kolbrún Arnardóttir.

**Leikmannasamningar (leikmanssamningar og sambandssamningar):**

Þann 14. febrúar 2023 eru skráðir samningar á milli leikmanna og aðildarfélaga hjá KSÍ 1266 samanlagt. Þar af eru 1057 leikmannssamningar (professional) og 209 sambandssamningar (amateur). Hlutfall skráðra leikmannssamninga hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum karla er 726 á móti 331 hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum kvenna. Hlutfall skráðra sambandssamninga hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum karla er 70 á móti 139 hjá aðildarfélögum í Íslandsmótum kvenna.

**Málum vísað til nefndarinnar**

Á þessu starfsári var átta málum vísað til nefndarinnar. Einnig, líkt og undanfarin ár, eru mörg ágreiningsefni, sem berast KSÍ, leyst af skrifstofu sambandsins og lýkur án formlegrar meðhöndlunar hjá nefndinni. Flest ágreiningsmál snúa að uppgjöri launa og leysist meirihluti þeirra mála í framhaldi af því að leikmenn senda greiðsluáskorun á félagið.

Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

***Mál 1 2021: Haukar g. Stjörnunni***

Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) tók til umfjöllunar kæru knattspyrnudeildar Hauka (H) á hendur knattspyrnudeild Stjörnunnar (S) en H taldi S hafa, með tiltekinni háttsemi einstaklinga á vegum félagsins, brotið gegn grein 14.14 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Gerði H þá kröfu að S yrði úrskurðað til þyngstu refsingar og gert að greiða H miskabætur. S neitaði sök.Við úrlausn málsins leit SF til ákvæða reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og þeirra gagna sem lögð voru fram af hálfu málsaðila.

Umrædd grein 14.14 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga tekur til þess m.a. að félög skuldbindi sig til þess að hafa ekki samband við samningsbundinn leikmann, umboðsmann sem starfar á hans vegum eða aðra aðila honum tengdum nema að fengnu leyfi frá viðkomandi félagi. Með greininni er fest í reglugerð sú regla að félögum er með öllu óheimilt að setja sig í samband við samningsbundna leikmenn annarra félaga, hvort sem það er gert með því að hafa samband beint við samningsbundinn leikmann annars félags, umboðsmann leikmannsins eða aðra aðila tengdum leikmanninum. Er þannig um nokkuð víðtæka reglu að ræða sem tekur ekki aðeins til samskipta við leikmanninn sjálfan eða umboðsmanns á hans vegum heldur einnig til allra aðila tengdum leikmanninum.

Í málinu var talið óumdeilt að framlögð gögn sýndu að ákveðin samskipti aðila á vegum S við samningsbundinn leikmann H hafi átt sér stað og að af gögnunum mátti ráða að í samskiptunum fólust tilraunir til þess að kanna vilja hins samningsbundna leikmanns til þess annars vegar að mæta til æfinga hjá S og hins vegar að ganga til liðs við S.
Var það niðurstaða nefndarinnar að S hafi brotið gegn grein 14.14 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, með því að aðili á vegum S hafi sett sig í samband við einstakling tengdan samningsbundnum leikmanni H með það að markmiði að fá umræddan einstakling til þess að kanna hug leikmannsins á því að ganga til liðs við S. Var S gert aðgreiða 125.000 kr. í sekt til KSÍ.

***Mál 2 2022: HK g. Alexander Frey Sindrasyni***
Samninga- og félagaskiptanefnd (SF) barst erindi frá knattspyrnudeild HK þar sem sett var fram sú krafa að SF tæki fyrir ágreining sem upp var kominn milli HK og Alexanders Freys Sindrasonar (A) um túlkun á leikmannssamningi sem aðilar gerðu með sér þann 20. janúar 2020 og tók til keppnistímabila 2020 og 2021. Laut ágreiningur aðila að rétti A til greiðslu bónusgreiðslna úr hendi HK vegna keppnistímabilsins 2021.

Fyrir lá að keppnistímabilið 2021 lék A með Fjölni, en þann 23. mars 2021 gerðu HK og Fjölnir með sér samkomulag um tímabundin félagaskipti leikmannsins til Fjölnis fram til 16. október 2021. Var lánssamningurinn undirritaður af hálfu leikmannsins og hafði leikmaðurinn í kjölfarið tímabundin félagaskipti yfir í Fjölni og lék hann með félaginu út samningstímann. Í lánssamningnum var ekki kveðið sérstaklega á um eða vísað til launagreiðslna og/eða tiltekinna launakjara/hlunninda leikmannsins. Eftir lok keppnistímabilsins gerði leikmaðurinn kröfu um að fá greiddar bónusgreiðslur í samræmi við ákvæði leikmannssamnings hans við HK vegna spilaðra leikja fyrir Fjölni og áunnin stig Fjölnis. Taldi HK sig á hinn bóginn ekki skuldbundið til þess að greiða leikmanninum umkrafðar bónusgreiðslur.

Að mati SF fela bónusgreiðslur í sér umbun til leikmanns, sem leikur fyrir viðkomandi félag, fyrir tiltekinn árangur og framlag leikmannsins í þágu félagsins, t.a.m. spilaða leiki fyrir félagið, áunnin stig félagsins o.s.frv. Með vísan til þess og orðalags í fyrirliggjandi samningum var það niðurstaða nefndarinnar að ákvæði um bónusgreiðslur í leikmannssamningi A og HK tækju aðeins til leikja samningsfélagsins, þ.e. leikja sem leikmaðurinn spilaði í þágu HK. Taldi nefndin að leikir sem leikmaðurinn lék fyrir Fjölni gætu ekki talist leiknir í þágu HK. Semja hefði þurft sérstaklega um bónusgreiðslur vegna spilaðra leikja og stigasöfnunar fyrir Fjölni, til þess að um slíkar greiðslur hefði verið að ræða. Var það því niðurstaða nefndarinnar að A ætti ekki rétt á bónusgreiðslum vegna keppnistímabilsins 2021 úr hendi knattspyrnudeildar HK.

***Mál 3 2022: FH g. Morten Beck Guldsmed***
Efnislegur ágreiningur málsaðila snýst um það hvort greiðslur FH til leikmannsins, samkvæmt leikmannasamningnum, skilgreinist sem launagreiðslur eða verktakagreiðslur. Í samningnum segir varðandi greiðslur til leikmannsins á samningstímanum: „*Net payments: xxx € - December salary 2021 will be xxx€*". Orðalagið „*Net payments*" gefur til kynna að mati nefndarinnar að félagið greiði leikmanninum tiltekna fjárhæð í „nettólaun" mánaðarlega eftir að búið er að draga frá lög- og samningsbundnar greiðslur, s.s. staðgreiðslu skatta og lífeyrisiðgjalda. Nefndin leit svo á að af orðalagi samningsins „Net payments" (*nettó launagreiðslur*) hafi leikmaðurinn mátt treysta því að FH stæði skil á staðgreiðslu skatta og annarra opinberra launatengdra gjalda. Ekkert í orðalagi samningsins gefur til kynna að mati nefndarinnar að leikmanninum mætti vera ljóst að um verktakagreiðslur yrði að ræða, sem t.a.m. legði ákveðnar skyldur á leikmanninn, t.d. að afhenda félaginu mánaðarlega reikninga fyrir greiðslum, og standa sjálfur skil á staðgreiðslu skatta og öðru því sem fylgir að stunda sjálfstæðan atvinnurekstur. Þá telur nefndin að framkvæmd samningsins hafi einnig gefið tilefni til þess að líta megi svo á að um launagreiðslur væri að ræða.

Framangreindu til viðbótar gefa skýringar á greiðslukvittunum vegna greiðslna félagsins til leikmannsins ekki til kynna að um verktakagreiðslur hafi verið að ræða, en í einhverjum tilfellum er þvert á móti að sjá af skýringum að um greiðslur vegna launa (e. salary) hafi verið að ræða. Í erindi FH til SF kemur einnig fram sú orðnotkun að FH telji sig hafa greitt leikmaninnum „umsamin laun".

Þá hafnar nefndin því að leikmaðurinn hafi með tómlæti glatað rétti sínum til halda því fram meira en tveimur árum frá upphafi samnings að samningurinn sé launþegasamningur en ekki verktakasamningur. Nefndin telur að leikmaðurinn hafi mátt treysta því að FH, sem vinnuveitandi hans, hefði staðið skil á staðgreiðslu skatta og annarra opinberra gjalda á samningstímanum. Ekki er fallist á að leikmaðurinn hafi glatað neinum rétti í þessu sambandi vegna tómlætis, þar sem samningsskylda FH og skyldur sem launagreiðanda eru skýrar. Nefndin leit svo á að almenn túlkunarsjónarmið í samningarétti og vinnurétti standi til þess að túlka óskýr ákvæði um eðli svona samninga leikmanni í hag. Var það niðurstaða nefndarinnar að af orðalagi leikmannssamnings leikmannsins við FH framkvæmd greiðslna, a.m.k. framan af samningstímanum, megi ráða að félagið hafi skuldbundið sig til þess að greiða leikmanninum nettó launagreiðslur mánaðarlega á samningstímanum. Á félaginu hvíli því skylda til að greiða staðgreiðsluskatta og önnur launatengd gjöld af brúttólaununum hverju sinni.

***Mál 4 2022: Stokkseyri g. Uppsveitum***

Í beiðni frá Stokkseyri var þess óskað að samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ veiti undanþágu vegna félagaskipta fyrir leikmann frá Uppsveitum yfir í Stokkseyri og félagsskiptin leyfð. Leikmaðurinn sem um ræðir hafði fram til þessa á keppnistímabilinu 2022 leikið annars vegar sem skráður leikmaður Stokkseyrar í Lengjubikarkeppni karla og hins vegar sem skráður leikmaður Uppsveita í Mjólkurbikarkeppni karla. Væru möguleg félagaskipti leikmannsins frá Uppsveitum í Stokkseyri á keppnistímabilinu, háð því að vera innan heimildar ákvæðis 10.1.1. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Ekki var vafi á að leikmaðurinn hafði til þessa aðeins verið skráður leikmaður með tveimur félögum á keppnistímabilinu 2022, en skilyrði fyrir félagaskiptum samkvæmt greininni er að leikmaður geti ekki verið skráður í fleiri en þrjú lið á keppnistímabili. Hitt skilyrðið lýtur að því að leikmanni er ekki heimilt að taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum fyrir fleiri en tvö lið á keppnistímabili. Nefndin leit svo á að þátttaka í leik með liði Stokkseyrar í Lengjubikarkeppni karla og liði Uppsveita í meistaraflokki á sama keppnistímabili teljist sem þátttaka í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum. Enda séu opinberir knattspyrnuleikir skilgreindir í reglugerð sem knattspyrnuleikur, sem leikinn er sem hluti af skipulagðri knattspyrnukeppni. Að mati nefndarinnar liggur því engin vafi á að leikur í Lengjubikarkeppni karla annars vegar og leikur í Mjólkurbikarkeppni karla hins vegar teljist opinberir knattspyrnuleikir í skilningi ákvæðis 10.1.1. enda í báðum tilvikum um að ræða knattspyrnukeppni skipulagða af hálfu KSÍ. Með vísan til framangreinds leit nefndin svo á að félagaskipti leikmannsins úr Uppsveitum í Stokkseyri rúmist ekki innan ákvæðis 10.1.1. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga en ákvæðið heimilar aðeins þátttöku leikmanns í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum og skráningu leikmanns í þrjú félög á sama keppnistímabili. Breytir þar engu hvort fyrirhuguð félagaskipti séu ætluð til sama félags og leikmaður lék með fyrr á keppnistímabilinu. Endurtekin varanleg félagaskipti leikmanns á milli sömu tveggja félaganna geta ekki talist undanþæg grundvallarreglu ákvæðis 10.1.1.

***Mál 5 2022: ÍH g. Álftanesi***

Í beiðni frá ÍH er þess óskað að samninga- og félagaskiptanefnd heimili félagaskipti tveggja leikmanna frá Álftanesi yfir til ÍH og þeir fái í kjölfarið leikheimild með félaginu. Leikmennirnir tveir höfðu fram til þessa á keppnistímabilinu 2022 leikið annars vegar sem skráðir leikmenn ÍH í Lengjubikarkeppni karla og hins vegar sem skráðir leikmenn Álftaness á Íslandsmóti 4. deildar karla C riðli. Eru möguleg félagaskipti leikmannanna frá Álftanesi í ÍH á keppnistímabilinu, háð því að vera innan heimildar ákvæðis 10.1.1. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga- og stöðu leikmanna og félaga.

Ekki lék vafi á að leikmennirnir höfðu til þessa aðeins verið skráðir leikmenn með tveimur félögum á keppnistímabilinu 2022, en skilyrði fyrir félagaskiptum samkvæmt greininni er að leikmaður geti ekki verið skráður í fleiri en þrjú lið á keppnistímabili. Hitt skilyrðið lýtur að því að leikmanni er ekki heimilt að taka þátt í opinberum knattspyrnuleikjum fyrir fleiri en tvö lið á keppnistímabili. Nefndin leit svo á að þátttaka í leik með liði ÍH í Lengjubikarkeppni karla og liði Álftaness í 4. deild karla í meistaraflokki á sama keppnistímabili teljist sem þátttaka í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum. Enda séu opinberir knattspyrnuleikir skilgreindir í reglugerð sem knattspyrnuleikur, sem leikinn er sem hluti af skipulagðri knattspyrnukeppni. Að mati nefndarinnar liggur því engin vafi á að leikur í Lengjubikarkeppni karla annars vegar og leikur í Íslandsmóti 4. deildar karla hins vegar teljist opinberir knattspyrnuleikir í skilningi ákvæðis 10.1.1. enda í báðum tilvikum um að ræða knattspyrnukeppni skipulagða af hálfu KSÍ. Með vísan til framangreinds telur nefndin að félagaskipti leikmannanna úr Álftanesi í ÍH rúmist ekki innan ákvæðis 10.1.1. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Ákvæðið heimilar aðeins þátttöku leikmanns í opinberum knattspyrnuleikjum með tveimur félögum og skráningu leikmanns í þrjú félög á sama keppnistímabili. Breytir þar engu hvort fyrirhuguð félagaskipti séu ætluð til sama félags og leikmaður lék með fyrr á keppnistímabilinu. Endurtekin varanleg félagaskipti leikmanns á milli sömu tveggja félaganna geta ekki talist undanþæg grundvallarreglu ákvæðis 10.1.1., enda yrðu þá félagaskipti á milli umræddra félaga ótakmörkuð.

***Mál 6 2022: Dylan Chiazor g. Þrótti R.***

Ágreiningur aðila snýr að því hvort Þrótti beri að greiða DC laun samkvæmt leikmannsamningi aðila út samningtíma, laun vegna hlutastarfs fyrir átta mánuði, bónusgreiðslu vegna lokastöðu Þróttar í 2. deild karla og bónusgreiðslur fyrir hvern sigurleik Þróttar. Loks snýr ágreiningur aðila að því hvort Þrótti ber að greiða DC útlagðan kostnað vegna læknis- og sjúkrameðferðar og vegna afleidds ferðakostnaðar. Í samræmi við skriflegan leikmannssamning á milli Þróttar og DC bar Þrótti að greiða DC laun að tilgreindri upphæð á mánuði vegna knattspyrnuiðkunar. Ekki er um það deilt á milli aðila að DC varð fyrir alvarlegum meiðslum á æfingu hjá Þrótti í apríl á þessu ári. Í málatilbúnaði Þróttar R. var því haldið fram að grundvöllur leikmannssamnings aðila sé að félagið greiði leikmanninum aðeins fyrir að æfa og spila knattspyrnu og að skylda félagsins til greiðslu launa byggist á vinnuframlagi leikmannsins. Því krafðist Þróttur þess að hafna beri kröfu leikmannsins um launagreiðslur út samningstíma. Í samræmi við reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga- og stöðu leikmanna og félaga er leikmannssamningur á milli félags og leikmanns skuldbindandi samningur. Hann fellur úr gildi við lok gildistíma samningsins, nema aðilar slíti samningssambandinu fyrr með gagnkvæmu samkomulagi. Aðeins í undantekningar-tilvikum geti samningsaðili rift samningi án afleiðinga af nokkru tagi ef réttmæt ástæða er fyrir hendi. Það er mat nefndarinnar að Þróttur hafi í sínum málatilbúnaði ekki fært fram haldbærar röksemdir fyrir því hvers vegna leikmaðurinn hætti að fá greitt frá félaginu. Fyrir liggur í gögnum málsins að leikmaðurinn varð fyrir meiðslum á æfingu á vegum félagsins og bar félaginu því að vísa leikmanninnum til hæfs læknis eða sjúkraþjálfara, sbr. grein. 2.c. í samningnum. Þegar litið er til gagna málsins þá varð félaginu það ljóst fljótlega eftir að DC meiddist að leikmaðurinn kæmi ekki til með geta keppt meira fyrir Þrótt á samningstímanum. Í slíku tilfelli hefur félagið sem vinnuveitandi leikmannsins rétt til þess að fara fram á að leikmaðurinn sinni æfingaskyldu og leiðbeiningum samningsfélags sem taka mið af meiðslum hans. Ekkert í gögnum málsins bendir til annars en að leikmaðurinn hafi yfir samningstímann fylgt fyrirmælum félagsins þegar kemur að æfingasókn en félagið hefur ekki sýnt fram á hið gagnstæða. Að mati nefndarinnar hafi DC því átt réttmætar kröfur til greiðslu launa sinna samkvæmt samningi fyrir knattspyrnuiðkun út gildistíma samningsins. Nefndin hafnar alfarið þeim málatilbúnaði Þróttar R. að 4. gr. laga nr. 19/1979 eigi við í þessu tilfelli. Tilgreint ákvæði fjallar um rétt verkafólks til launa m.a. vegna forfalla frá vinnu vegna slysa sem eiga rætur að rekja til þeirrar vinnu, sem viðkomandi stundar. Það liggur í hlutarins eðli að meiðsli sem leikmenn verða fyrir við knattspyrnuiðkun er óhjákvæmilegur fylgifiskur íþróttarinnar. Ekki hefur verið litið á meiðsli sem réttmæta riftunarástæðu leikmanna-samninga.

Um það er deilt á milli málsaðila hvort Þrótti R. beri að greiða DC kr. laun vegna hlutastarfs sem stóð til að leikmaðurinn myndi sinna yfir samningstímann samhliða knattspyrnuiðkun. Það er óumdeilt á

milli málsaðila að leikmaðurinn fór af landi brott í apríl í frí stuttu eftir að hann varð fyrir meiðslum. Varð raunin sú að leikmaðurinn dvaldi erlendis stærstan hluta af þeim samningstíma sem eftir stóð. Ekki er að sjá af gögnum máls að leikmaðurinn hafi gert reka að því að sinna umræddu hlutastarfi yfir samningstímann. Vegna þess aðgerðaleysis hafnar nefndin kröfu leikmannsins um laun frá Þrótti fyrir hlutastarf sem til stóð að leikmaðurinn myndi sinna samhliða knattspyrnuiðkun. Því næst er um það deilt á milli aðila hvort DC eigi tilkall til árangurstengdra greiðslna frá Þrótti í samræmi við leikmannssamning aðila. Túlka verður ákvæði í leikmannssamningi aðila, sem fjalla um árangurstengdar greiðslur, samkvæmt orðanna hljóðan. Í 4. grein samningsins er kveðið er á um bónusgreiðslu að tilgreindri upphæð takist félaginu að komast upp um deild [promotion]. Jafnframt segir í sömu grein samningsins að leikmaðurinn fái tilgreinda upphæð greidda fyrir hvern sigurleik liðsins. Eru framangreindar árangurstengdar greiðslur hvorki háðar því hvort DC leiki tiltekinn fjölda leikja yfir tímabilið né að DC þurfi að taka þátt í leikjum til þess að fá greiddar tilgreindar greiðslur. Að mati nefndarinnar á leikmaðurinn því réttmæta kröfu til greiðslu þar sem knattspyrnulið Þróttar í mfl. karla vann sér sæti í 1. deild karla árið 2023. Því til viðbótar á DC réttmæta kröfu til greiðslu þegar mið er tekið ef fjölda sigurleikja á keppnistímabilinu 2022.

Loks er um það deilt á milli aðila hvort Þrótti beri að greiða DC útlagðan kostnað vegna læknismeðferðar og sjúkraþjálfunar á meðan DC dvaldi í Hollandi í kjölfar meiðsla sinna. Af gögnum málsins má ráða að fljótlega hafi DC leitað til læknis þar sem hann fékk segulómskoðun og undirgekkst aðgerð vegna meiðsla sinna. Samskipti á milli DC og aðila á vegum Þróttar benda til þess að félagið hafi ekki sérstaklega andmælt þeim fyrirætlunum leikmannsins að undirgangast læknisaðgerð í Hollandi vegna meiðsla sinna. Leit nefndin svo á, í samræmi við 2. grein leikmannssamnings aðila, að félagið skuli greiða þann kostnað, sem leikmaður þurfti að bera vegna þeirrar tilteknu læknismeðferðar og ekki greiðist af almannatryggingum eða tryggingafélögum.

Gerð var krafa á hendur Þrótti um greiðslu útlagðs kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar leikmanns hjá Fysiotherapie Amersfoort. Það var mat nefndarinnar að DC hefði ekki tekist að sýna fram að hann hafi fylgt leiðsögn félagsins um sjúkraþjálfun í kjölfar læknismeðferðar sinnar í Hollandi. Væri því óhjákvæmilegt annað en að hafna kröfu leikmannsins sem lýtur að greiðslu útlagðs kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar. Loks hafnar nefndin kröfu leikmannsins um greiðslu vegna afleidds ferðakostnaðar leikmannsins. Krafa þessi var ekki studd neinum frekari gögnum og því óhjákvæmilegt annað en að hafna þeirri kröfu.

***Mál 7 2022: Hvöt g. Tindastóli***

Ágreiningur aðila snýr að því hvort Tindastóli beri að greiða Hvöt kr. 200.000,- vegna samningsgerðar Tindastóls við tvo leikmenn. Ekki er um það deilt á milli málsaðila að leikmennirnir gerðu sína fyrstu samninga við Tindastól. Í tilviki annars þeirra var gerður sambandssamningur með gildistíma frá 01.03.2021 og var samningurinn undirritaður þann 05.03.2021. Í samræmi við grein 28.6. í reglugerð KSÍ um samninga, félagaskipti og stöðu leikmanna og félaga skal ágreiningsefni til samninga- og félagaskiptanefndar hafa borist nefndinni skriflega innan árs frá því að atvik að baki ágreiningsefninu átti sér stað. Skorti nefndina því heimild til að taka fyrir mál vegna fyrstu samningsgerðar fyrrgreinds leikmanns við Tindastól til úrskurðar og var þeim hluta málsins því vísað frá samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ.

Í tilviki þess síðarnefnda var sambandssamningur gerður með gildistíma frá 03.01.2022. Samkvæmt grein 23.2. reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga skal það félag sem leikmaður gerir samning við í fyrsta sinn greiða gjald til þeirra félaga er leikmaðurinn hefur leikið með frá og með því almanaksári er leikmaðurinn var 12 ára til og með því almanaksári er leikmaðurinn verður 23 ára. Þegar um sambandssamning er að ræða skal gjaldið nema kr. 100.000,- og skiptist á milli félaganna í hlutfalli við þau keppnistímabil er leikmaðurinn hefur leikið með viðkomandi félögum, skv. töflu í gr. 25.2.2. Í greinargerð Tindastóls er því haldið fram að á meðan leikmaðurinn hefði verið skráður leikmaður Hvatar, þá hefði hann aldrei leikið eingöngu með Hvöt. Hann hafi leikið með

sameiginlegu liði Tindastóls/Kormáks/Hvatar, Kormáki/Hvöt, Kormáki eða Tindastóli. Af þeirri ástæðu eigi Hvöt ekki rétt á nema litlu hlutfalli af heildarkröfu sinni en gjaldið ætti að skiptast á milli Kormáks, Tindastóls og Hvatar.

Við túlkun og framkvæmd á grein 23.2 ber að miða við að gjald skuli greitt samkvæmt greininni til þeirra félaga er leikmaðurinn hefur leikið með sem skráður leikmaður eða iðkandi. Samkvæmt grein 9.2. sömu reglugerðar getur leikmaður aðeins verið skráður iðkandi í einu félagi innan KSÍ á hverjum tíma. Gjald samkvæmt grein 23.2., skal hverju sinni nema óskertri upphæð eða kr. 200.000,- þegar gerður er leikmannssamningur og kr. 100.000,- þegar gerður er sambandssamningur. Við fyrstu samningsgerð skal því óskert upphæð, samkvæmt grein 23.2. vera greidd til félags eða félaga sem leikmaðurinn hefur leikið með sem skráður leikmaður eða iðkandi. Horfir nefndin því til skráningarsögu leikmannsins hjá aðildarfélögum KSÍ frá 12. aldursári og fram að fyrstu samningsgerð við Tindastól. Leikmaðurinn var skráður leikmaður hjá Kormáki á tilgreindu tímabili og síðar hafi hann verið skráður leikmaður hjá Hvöt á tilgreindu tímabili. Með vísan til þess skal haga útreikningi á félagaskiptagjaldi að upphæð 100.000,- skv. grein 23.2., sbr. grein 25.2.2. , til Hvatar með eftirfarandi hætti:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 12 | 5% | 2016 | Kormákur | Kormákur: kr. 12.460,- |
| 13 | 5% | 2017 | Kormákur | Kormákur: kr. 12.460,- |
| 14 | 5% | 2018 | Kormákur (1,95%)/Hvöt (3,05%) | Kormákur: kr. 4.859,- og Hvöt kr. 7.601,- |
| 15 | 5% | 2019 | Hvöt | Hvöt: kr. 12.460,- |
| 16 | 10% | 2020 | Hvöt | Hvöt: kr. 24.919,- |
| 17 | 10% | 2021 | Hvöt | Hvöt: kr. 24.919,- |
| 18 | 10% | 2022 | Hvöt 0,13% v. tímabils til 05.01.2022 | Hvöt: kr. 323,- |

Í Hlut Hvatar koma samtals kr. 70.222,- samkvæmt framangreindu.

***Mál 8 2022: ÍBV g. Keflavík***

Knattspyrnudeild ÍBV lagði fyrir samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ kæru þar sem félagið taldi knattspyrnudeild Keflavíkur hafa brotið gegn grein 14.14 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Með greininni er fest í reglugerð að félögum sé með öllu óheimilt að setja sig í samband við samningsbundna leikmenn annarra félaga, hvort sem það er gert með því að hafa samband beint við samningsbundinn leikmann annars félags, umboðsmann leikmannsins eða aðra aðila tengdum leikmanninum. Er þannig um nokkuð víðtæka reglu að ræða sem tekur ekki aðeins til samskipta við leikmanninn sjálfan eða umboðsmanns á hans vegum heldur einnig til allra aðila tengdum leikmanninum. Í málinu var deilt um hvort Keflavík hafi í aðdraganda samningsgerðar félagsins við fyrrum leikmann, ÍBV, gerst brotlegt við grein 14.14. í fyrrnefndri reglugerð. Fyrir liggur að umræddur leikmaður var samningsbundinn ÍBV fram til 16. nóvember 2023. Einnig liggur fyrir að leikmaðurinn er nú samningsbundinn Keflavík.

Samkvæmt gögnum málsins var ljóst að fyrir lok samningstíma leikmannsins hjá ÍBV hafi samskipti átt sér stað á milli ÍBV og umboðsskrifstofu leikmannsins. Ráða má af þeim samskiptum að samningsviðræður hafi verið hafnar á milli Keflavíkur og umrædds samningsbundins leikmanns ÍBV áður en samningi á milli leikmanns og ÍBV lauk. Keflavík hafi ekki hafnað því að samningsviðræður hafi átt sér stað en benti á að umboðsmaður leikmannsins hafi átt frumkvæði að samskiptum við félagið. Leit nefndin svo á að þrátt fyrir að frumkvæði samningsviðræðna kunni að hafa komið frá umboðsmanni leikmannsins, þá leysi það félagið ekki undan ábyrgð þar sem það tók virkan þátt í viðræðunum. Verður því að telja fullvíst að engin samskipti hafi átt sér stað milli Keflavíkur og ÍBV um leikmanninn áður en umræddar samningsviðræður áttu sér stað. Með vísan til þessa var það niðurstaða nefndarinnar að Keflavík hafi brotið gegn grein 14.14 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, með því að fulltrúi Keflavíkur hafi átt í samningaviðræðum við leikmann ÍBV áður en leikmannssamningur leikmannsins við ÍBV féll úr gildi. Það hafi verið gert án þess að Keflavík hafi

tilkynnt stjórn ÍBV um það skriflega og með sannanlegum hætti áður en samningaviðræður hófust eins og gerður er áskilnaður um, skv. grein 14.14. Var knattspyrnudeild Keflavíkur gert að greiða 125.000 krónur í sekt til KSÍ.

**Umboðsmenn í knattspyrnu**
Um áramót 2022/2023 voru 13 skráðir umboðsmenn í knattspyrnu hjá KSÍ. Það er þeir: Alberto A. Larrea, Bjarki Gunnlaugsson, Elías Njarðarson, Guðlaugur Tómasson, Guyon Philips, Halldór Ragnar Emilsson, Kristinn Björgúlfsson, Magnús Karl Daníelssen, Ólafur Garðarsson, Ragnar Sigurðsson, Saint Paul Edhe, Sigurður Freyr Sigurðsson og Þröstur Ingi Smárason.

**Félagaskipti**

Hafsteinn Steinsson hafði að mestu umsjón með afgreiðslu félagaskipta á árinu. Árið 2022 voru 3044 félagaskipti afgreidd samanborið við 2.803 árið 2022. Að þessu sinni voru flest félagaskipti afgreidd í febrúar 542 og maí 584.

Framkvæmdastjóra KSÍ bárust alls fjórar óskir um undanþágur vegna félagaskipta markvarða utan félagskiptatímabils á árinu. Ein beiðni var dregin til baka en samþykktar voru alls þrjár óskir um undanþágur, þ.e. beiðnir frá Haukum, Kormáki/Hvöt og Stjörnunni.

Hér fyrir neðan má sjá tölfræði um félagaskipti.

| | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fjöldi félagaskipta** | 3.044 | 2.803 | 2.681 | 2.859 | 2.471 | 2.558 | 2.739 | 2.353 | 2.221 | 2.404 | 2.230 |

**Lokaorð**

Ég vil þakka nefndarmönnum samninga- og félagaskiptanefndar kærlega fyrir þeirra frábæru störf á þessu ári. Þá færi ég þakkir til starfsmanna nefndarinnar Hauks Hinrikssonar og Kolbrúnar Arnardóttur. Starfsfólki skrifstofunnar er einnig þakkað fyrir sín góðu störf. Það er mikill akkkur fyrir sambandið að haaf eins öflugan mannauð innan sinna vébanda og raun ber vitni, knattspyrnuhreyfingunni allri til heilla.

*Guðlaug Helga Sigurðardóttir, formaður*

## Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2022-2023: Helga Helgadóttir formaður, Gunnar Már Guðmundsson, Sigríður Baxter Þorláksdóttir, Þórður Einarsson og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Arnar Bill Gunnarsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 2 bókaða fundi á starfsárinu.

**Þjálfaramenntun**
KSÍ býður upp á sjö þjálfaragráður – KSÍ C, KSÍ B, KSÍ A, KSÍ Pro þjálfaragráður, KSÍ B Markmannsþjálfaragráðu, KSÍ A Markmannsþjálfaragráðu og KSÍ Afreksþjálfun unglinga. Allar þessar þjálfaragráður hafa hlotið gæðastimpil UEFA og eru viðurkenndar í öllum aðildarríkjum UEFA. Fyrsta KSÍ Pro námskeiðið hófst í febrúar 2020 og fékk vottun UEFA í apríl 2022. Fyrsta KSÍ B Markmannsþjálfaragráðan var haldin á árinu og fékk vottun UEFA í nóvember 2022.

| **Þjálfaragráða** | **Fjöldi** | **Karlar** | **Konur** |
|---|---|---|---|
| KSÍ C þjálfaragráða | 1.112 | 853 | 259 |
| KSÍ B þjálfaragráða | 588 | 524 | 64 |
| KSÍ A þjálfaragráða | 221 | 204 | 17 |
| KSÍ Pro þjálfaragráða | 18 | 17 | 1 |
| KSÍ Afreksþjálfun unglinga | 58 | 50 | 8 |
| KSÍ B Markmannsþjálfaragráða | 9 | 8 | 1 |
| KSÍ A Markmannsþjálfaragráða | 22 | 22 | 0 |
| Samtals: | 2.028 | 1.678 | 350 |

**Námskeiðahald**
KSÍ hélt sitt fyrsta KSÍ B markmannsþjálfaranámskeið á árinu 2022. Hingað til lands kom aðila á vegum UEFA og fylgdist með gangi mála. Í nóvember 2022 var námskeiðið svo samþykkt sem UEFA B markmannsþjálfaragráða. 9 þjálfarar útskrifuðust af þessu námskeiði og þar af fyrsta konan til að útskrifast með markmannsþjálfaragráðu hér á landi, en það var Þóra Reyn Rögnvaldsdóttir.
Í janúar 2022 var í fyrsta skipti boðið upp á KSÍ C námskeið, eftir að UEFA veitti umsókn KSÍ vottun, en þar er áhersla lögð á þjálfun 4-12 ára barna. Þjálfarar sem klára C þjálfaragráðuna hafa réttindi til að vera aðstoðarþjálfarar hjá 5. flokki og yngri.

Skýringamynd af uppbyggingu námskeiða má finna hér fyrir neðan.




KSÍ hélt 41 fræðsluviðburð á árinu fyrir 803 þátttakendur**.**

Fræðsludeildin nýtti sér Canvas kennsluforritið í auknu mæli, þá sérstaklega á KSÍ B þjálfaragráðunni. Canvas gerir KSÍ kleift að senda þátttakendum upptöku af fyrirlestrum og verkefni sem þátttakendur eiga að horfa á og vinna áður en þau mættu á námskeið. Þátttakendur hafa líst yfir ánægju sinni með þetta fyrirkomulag þar sem nú geta þau horft á fyrirlestrana þegar þeim hentar og kennslan er mun meira í formi umræðna og hópavinnu.
KSÍ hélt sérstakt KSÍ C þjálfaranámskeið fyrir stúlkur í janúar og febrúar. Þátttakendur voru 31 talsins og þótti takast vel til.
Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á námskeiðunum okkar og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

**Þjálfaraskóli KSÍ**
Þjálfaraskóli KSÍ stendur áfram öllum þjálfurum aðildarfélaganna til boða og er hugmyndin á bak við skólann að reyndur KSÍ kennari deili reynslu sinni og þekkingu. Aðildarfélögin og KSÍ deila kostnaðinum við kennsluna og skólinn telur einnig sem endurmenntun fyrir þjálfara. KSÍ B þjálfaraskóli er nú hluti af svokölluðu KSÍ B 4 þjálfaranámskeiði. Það þýðir að allir þjálfarar sem klára KSÍ B þjálfaragráðuna, þurfa að taka KSÍ B þjálfaraskólann. Allir þjálfarar sem sækja um að komast á KSÍ A 2 þjálfaranámskeiðið þurfa að taka KSÍ A þjálfaraskólann, en árið 2015 var í fyrsta sinn boðið upp á hann. Þjálfaraskólinn er því hluti af þessum tveimur þjálfaragráðum, KSÍ A og KSÍ B.
79 þjálfarar tóku KSÍ B þjálfaraskólann á árinu og 32 tóku KSÍ A þjálfaraskólann. Alls tóku því 111 þjálfarar Þjálfaraskóla KSÍ árið 2021.

**Reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara**
Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum í nóvember 2022 nýja reglugerð KSÍ um menntun knattspyrnuþjálfara. Reglugerðina má finna hér á heimasíðu KSÍ.

**Fræðsluviðburðir KSÍ árið 2022**
***Alls 41 fræðsluviðburðir og 803 þátttakendur***

| Dagsetning | Viðburður | Þátttakendur |
|---|---|---|
| 8.-9. janúar | KSÍ C 1 þjálfaranámskeið | 18 |
| 5.-6. febrúar | KSÍ C 1 þjálfaranámskeið | 38 |
| 16.-18. september | KSÍ C 1 þjálfaranámskeið - Ísafirði | 9 |
| 19.-20. febrúar | KSÍ C 2 þjálfaranámskeið | 27 |
| 5.-6. mars | KSÍ C 2 þjálfaranámskeið | 32 |
| 24.-25. september | KSÍ B 1 þjálfaranámskeið | 16 |
| 1.-2. október | KSÍ B 1 þjálfaranámskeið | 17 |
| 15.-16. október | KSÍ B 2 þjálfaranámskeið | 24 |
| 22.-23. október | KSÍ B 2 þjálfaranámskeið | 15 |
| 12.-13. nóvember | KSÍ B 3 þjálfaranámskeið | 22 |
| 19.-20. nóvember | KSÍ B 3 þjálfaranámskeið | 15 |
| 26.-27. nóvember | KSÍ B 4 þjálfaranámskeið | 17 |
| Janúar - Mars | KSÍ B þjálfaraskóli | 15 |
| Febrúar | KSÍ A 1 þjálfaranámskeið | 8 |
| 24.-25. september | KSÍ A 1 þjálfaranámskeið | 20 |
| Maí - Ágúst | KSÍ A þjálfaraskóli | 20 |
| 7.-8. október | KSÍ A 2 þjálfaranámskeið (Tímabilaskipting) | 19 |
| 21. október | KSÍ A 2 þjálfaranámskeið (Leikgreining) | 18 |
| 3.-8. nóvember | KSÍ A 2 þjálfaranámskeið (námsferð - Danmörk) | 19 |
| Janúar - Mars | KSÍ A 3 þjálfaranámskeið | 21 |
| 22. maí | KSÍ Pro | 14 |
| 12. júní | KSÍ Pro - Íþróttasálfræði - Troels Banggard | 14 |
| 13. júní | KSÍ Pro - Markmannsþjálfun hjá Man Utd - Richard Hartis | 18 |
| 24. júní | KSÍ Pro - Leikstílsverkefni - Davíð Snorri Jónasson | 14 |
| 12.-13. september | KSÍ Pro - Leiðtogahæfni | 14 |
| 9. nóvember | KSÍ Pro - Leikgreining - Bjarki Már Ólafsson | 14 |
| 18. og 20. mars | KSÍ B markmannsþjálfaragráða | 11 |
| 9.-10. apríl | KSÍ B markmannsþjálfaragráða | 11 |
| Apríl - September | KSÍ B markmannsþjálfaragráða (verklegt) | 10 |
| 24. september | KSÍ B markmannsþjálfaragráða | 9 |
| 18.-19. febrúar | Grunnnámskeið í markmannsþjálfun - Akureyri | 9 |
| 7. apríl | Þjálfun hjá Þrótti R. - Þórður Einarsson | 32 |
| 27. apríl | Þjálfun kvennaliðs Barcelona - Lluis Cortes | 36 |
| 11. júní | Íþróttasálfræði hjá FCM - Troels Banggard | 17 |
| 12. júní | Markmannsþjálfun hjá Man. United - Richard Hartis | 27 |
| 22. ágúst | Bikarúrslitaráðstefna KÞÍ og KSÍ | 30 |
| 15. september | Einelti, samskipti og forvarnir - Vanda Sigurgeirsdóttir | 32 |
| 14. október | Afkastageta 14 ára knattspyrnudrengja á Íslandi og í Noregi | 25 |
| 27. október | Einelti, samskipti og forvarnir - Vanda Sigurgeirsdóttir | 15 |
| 12. nóvember | Tímabilaskipting í taktík þjálfun - Raymond Verheijen | 49 |
| 1. desember | Einelti, samskipti og forvarnir - Vanda Sigurgeirsdóttir | 12 |
| | Samtals: | 803 |

### Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2013-2022




### Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2013-2022



## Skýrsla starfshóps um útbreiðslumál

Í starfshópi KSÍ um útbreiðslumál árið 2022 sátu: Trausti Hjaltason formaður, Eva Dís Pálmadóttir, Ívar Ingimarsson, Oddný Eva Böðvarsdóttir, Ómar Bragi Stefánsson, Petra Lind Einarsdóttir og Sigríður Björk Þorláksdóttir Baxter. Starfsmenn hópsins voru Sóley Guðmundsdóttir og Dagur Sveinn Dagbjartsson.

**Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna**
Unnið var samkvæmt áætlun KSÍ í útbreiðslumálum sem lögð var fyrir stjórn KSÍ 12. febrúar 2020.

**Markmið KSÍ**
Að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands.
Að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.
Að efla grasrótina í íslenskri knattspyrnu þar sem iðkendur fái að vaxa og dafna í fótbolta á sínum eigin forsendum í heilbrigðu umhverfi, auka áhuga og fjölga þátttakendum og efla samskipti við aðildarfélög þar sem KSÍ styður við bakið á félögunum með átaks- og grasrótarverkefnum á einstökum landsvæðum.

**Útbreiðsluverkefni árið 2022**
Stærsta útbreiðsluverkefni ársins 2022 var verkefni sem bar yfirskriftina *Komdu í fótbolta með Mola*. Siguróli Kristjánsson, betur þekktur sem Moli, var ráðinn til starfa. Verkefnið fól í sér heimsóknir til minni sveitarfélaga um land allt og hafði Moli umsjón með verkefninu. Þar setti hann upp æfingu/viðburð á hverjum stað, með það fyrir augum að efla áhuga iðkenda. Verkefnið stóð yfir frá maí til ágúst. Alls heimsótti Moli 48 stað og hitti tæplega 1100 börn og unglinga, ásamt fjölmörgum þjálfurum og forráðamönnum á ferð sinni um landið. KSÍ kann bestu þakkir þeim sveitarfélögum sem tóku vel á móti Mola. Þetta var fjórða árið í röð sem Moli fer um landið og heimsækir börn og unglinga í minni sveitarfélögum.

Háttvísisviðurkenningum Landsbankans og KSÍ var úthlutað í sumar. Öllum félögum sem skipuleggja mót í yngri flokkum bauðst til að fá viðurkenningar til afhendingar, ásamt því sem háttvísis-veggspjöldum var dreift til allra félaga.

Í nóvember var Markmannsskóli KSÍ haldinn á Selfossi. Að þessu sinni var þremur hópum boðið í Markmannsskólann; drengjum og stúlkum fædd 2009 og einnig drengjum fæddum 2008, þar sem þeir misstu af þessu tækifæri árið 2021 sökum Covid-19 og samkomutakmarkana á þeim tíma. Ungmennafélagið Selfoss sá um utanumhald og æfingar voru í höndum Fjalars Þorgeirssonar, yfirmarkmannsþjálfara yngri landsliða Íslands. Alls mættu 71 markvörður til leiks. Vel þótti takast til og vill KSÍ koma á framfæri bestu þökkum til UMF Selfoss fyrir samstarfið.

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður KSÍ, hélt þrjá viðburði á árinu sem báru heitið *Einelti, samskipti og forvarnir*. Viðburðirnir fóru fram í Reykjavík, á Egilsstöðum og á Akureyri.

KSÍ hélt áfram átaki sem hófst árið 2019, þar sem markmiðið var að vekja athygli á litblindu í knattspyrnu. Litblinda getur haft áhrif á alla sem tengjast knattspyrnu - áhorfendur, leikmenn, þjálfara, dómara og aðra starfsmenn í kringum leikinn. 1 af hverjum 12 körlum og 1 af hverjum 200 konum er litblind. Verkefnið er samstarfsverkefni á vegum EFDN (European Football For Development Network) og var styrkt af Evrópusambandinu. Því lauk formlega í nóvember með ráðstefnu sem haldin var í Búdapest, höfuðborg Ungverjalands.

Verkefnið *Verndarar barna*, samstarfsverkefni KSÍ og Barnaheilla – Save the Children, fór af stað í lok október. Verkefnið er samstarfsverkefni til tveggja ára þar sem markmiðið er að fyrirbyggja

kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, læra að þekkja einkenni ofbeldis og hvernig bregðast skal við. Sérfræðingur frá Barnaheillum mun heimsækja knattspyrnufélög um allt land og halda námskeið í verndun barna, félögunum að kostnaðarlausu. Námskeiðið er opið öllum þeim sem starfa að einhverju leyti hjá viðeigandi knattspyrnufélagi, foreldrum og sjálfboðaliðum. Markmið og einlæg von KSÍ og Barnaheilla er að öll aðildarfélög KSÍ fái heimsókn og fræðslu.

**Iðkendafjöldi**

ÍSÍ tekur árlega saman tölfræði yfir iðkanir hjá sérsamböndunum. ÍSÍ á í samstarfi við Sportabler um öflun gagna og tölfræði um iðkanir, en Sportabler leysti Felx af hólmi og er ætlað að gefa skýrari mynd iðkenda- og iðkanatölum í íþróttahreyfingunni.
Tölur sem birtar voru í árslok 2022 voru fyrir árið 2021. KSÍ er það sérsamband sem er með flestar iðkanir allra sérsambanda innan ÍSÍ.
Í tölum sem birtar voru í desember 2022 segir að iðkanir í knattspyrnu hafi verið 28.285 talsins.

| Kyn | Aldursbil | Iðkanir |
|---|---|---|
| Annað | 17 ára og yngri | 1 |
| Karlar | 17 ára og yngri | 15,088 |
| Konur | 17 ára og yngri | 8,535 |
| Karlar | 18 ára og eldri | 3,542 |
| Konur | 18 ára og eldri | 1,119 |
| **Samtals iðkanir** | | **28,285** |

Skilgreining á iðkun (iðkanir):
Iðkun segir til um fjölda iðkana í hverju félagi, íþróttagrein eða innan íþróttahéraðs. Hver einstaklingur getur verið iðkandi í mörgum greinum og jafnvel er hægt að telja sama einstaklinginn oftar en einu sinni í hverri íþróttagrein, svo framarlega sem hann stundar greinina með fleiri en einu félagi.
https://isi.is/um-isi/utgafa/myndraen-tolfraedi/2021/

**Fótbolti fyrir alla**

Í nóvember 2022 stóð KSÍ fyrir vinnustofu þar sem umfjöllunarefnið var fótbolti fyrir alla; göngubolti, fótbolta fitness, „old boys“ og „old girls“. Erindi á vinnustofunni fluttu aðilar úr öllum þessum flokkum og var markmiðið að vekja athygli á þeim kostum sem fylgja því að bjóða upp á fótbolta fyrir þessa hópa.
Afrakstur vinnustofunnar má finna á heimasíðu KSÍ:
https://www.ksi.is/fraedsla/fotbolti-fyrir-alla/gongufotbolti/
https://www.ksi.is/fraedsla/fotbolti-fyrir-alla/fotbolta-fitness/
https://www.ksi.is/fraedsla/fotbolti-fyrir-alla/fotbolti-fyrir-eldri-idkendur/

**Geðveikur fótbolti með FC Sækó**

KSÍ var í samstarf við knattspyrnufélagið FC Sækó á árinu. Um er að ræða vitundarátak undir heitinu "Geðveikur fótbolti með FC Sækó".

Knattspyrnuverkefnið FC Sækó "Geðveikur fótbolti“ byrjaði í nóvember 2011 sem samstarfsverkefni Hlutverkaseturs, Velferðarsviðs Reykjavíkur og geðsviðs Landspítalans. FC Sækó knattspyrnufélag var stofnað árið 2014 og er það skipað notendum geð- og velferðarkerfisins, starfsmönnum þess og öðrum sem hafa áhuga á að styðja við verkefnið.

Tilgangur FC Sækó er að efla og auka virkni notendahóps fólks með geðraskanir og gefa þeim tækifæri til að iðka knattspyrnu sem og að draga úr fordómum. Markmið FC Sækó er fyrst og fremst að efla andlega og líkamlega heilsu fólks, vera sýnileg og hafa gaman. Á æfingum og í leikjum eru allir jafnir, þannig styðjum við hvort annað og drögum úr fordómum. Allir eru velkomnir að æfa og/eða spila með FC Sækó, konur og karlar, fólk sem tengist geð- eða velferðarsviði og/eða úrræðum því tengdu eða aðrir.

Hlutverk KSÍ í samstarfinu er að vekja athygli á og styðja við starfsemi FC Sækó með ýmsum hætti og að vekja athygli á því hvernig þátttaka í fótbolta (eða skipulögðum íþróttum almennt) getur haft jákvæð áhrif á líðan einstaklinga með geðraskanir.

## Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirtaldir einstaklingar árið 2022: Unnar Stefán Sigurðsson formaður, Bjarni Þór Hannesson, Eyrún Linnet, Inga Rut Hjaltadóttir, Jón Runólfsson, Kristján Ásgeirsson, Viggó Magnússon og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Birkir Sveinsson sviðsstjóri innanlandssviðs og mótastjóri sambandsins.
Verkefni nefndarinnar voru sem fyrr að vera stjórn KSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar í mannvirkjamálum og veita umsögn um umsóknir í mannvirkjasjóð KSÍ. Starfsmaður nefndarinnar með hjálp nefndarmanna, svaraði ýmsum fyrirspurnum aðila sem hyggja á framkvæmdir eins og kostur er.

### Vallarleyfi

Að venju annast nefndin útgáfu vallarleyfa efstu deildum. Vallarleyfi eru að öllu jöfnu gefin út til tveggja ár í senn, nema í þeim tilfellum þar sem vallarleyfi eru afgeidd með undanþágu.
Eftirfarandi vallarleyfi voru afgreidd með undanþágu í vallarflokki B til eins árs:

- Leiknisvöllur (Domusnovavöllurinn), þar sem vantar þak á stúku.
- KA-völlur (Greifavöllurinn), vantar þak á stúku og að fjölga þarf sætum.

Eftirfarandi vallarleyfi voru afgreidd með undanþágu í vallarflokki C til eins árs:

- Vogavöllur (Vogaídýfuvöllurinn), vantar að fjölga sætum í stúku. Fyrsta ár Þróttar V. í Lengjudeild karla.
- Torfnesvöllur (Olísvöllurinn), vantar að loka girðingu umhverfis völlinn.

### Nýjir keppnisvellir

Í júní tók Fram í notkun nýjan og glæsilegan keppnisvöll í Úlfarsárdal. Völlurinn er lagður gervigrasi og tekur 1650 áhorfendur í sæti.
KA tók jafnframt í notkun nýjan keppnisvöll á KA svæðinu lagðan gervigrasi. Hér er um að ræða bráðabirgðaraðstöðu með um 550 sætum án þaks meðan unnið er að uppbyggingu á framtíðar-keppnisvelli félagsins. Framkvæmdir við hann eru hafnar.
Í febrúar fóru fyrstu leikirnir fram í Miðgarði í Garðabæ. Um er að ræða knattspyrnuhöll með leikvöll í fullri stærð með sætum fyrir 800 manns.

### Yfirvofandi bann við notkun innfylliefna með örplasti

Síðla ársins 2022 boðaði UEFA til upplýsingafunda um stöðu á fyrirhuguðu banni Evrópusambandsins á notkun innfylliefna með örplasti í gervigrasvelli og bauð fulltrúum aðildarsambanda og sérfræðingum EU á þessu sviði að taka þátt. Nefndarmaður í Mannvirkjanefnd hefur setið þessa fundi.
Bann þetta hefur legið í loftinu í nokkurn tíma eftir að ECHA (European Chemicals Agency) gerði tillögu að því til Evrópuráðsins. Upphaflega gerðu tillögur ráð fyrir að bannið tæki gildi um leið og það yrði samþykkt af Evrópuráðinu en nú er líklegt að gefinn verði 6 ára aðlögunartími. Líklegt er að Evrópuráðið samþykki tillöguna og að bannið taki gildi í júní-júlí í sumar með 6 ára aðlögunartíma.
UEFA hefur sýnt fram á að með mótvægisaðgerðum má draga verulega úr því að örplast berist út í umhverfið frá gervigrasvöllum. Þannig hafa rannsóknir sýnt að með einföldum aðgerðum á gervigras-völlum má draga verulega úr því að örplast berist út í umhverfið eða sem nemur um 90% af því sem áður var áætlað. Þá hefur einnig verið bent á að engin lausn hefur enn komið fram sem kemur í stað þeirra innfylliefna sem nú eru notuð. Þrátt fyrir þetta eru yfirgnæfandi líkur á að bannið taki gildi. Þetta bann mun hafa veruleg áhrif hér á landi. Við gildistöku bannsins þarf að taka tillit til þess við öll áform um endurnýjun og nýframkvæmdir við gervigrasvelli á næstu árum.

### Lokaorð

Ég þakka nefndarmönnum í mannvirkjanefnd og aðildarfélögum KSÍ fyrir gott samstarf á árinu 2022.

*Unnar Sigurðsson, formaður.*